



BYGGÐASTOFNUN

SUÐURNES


Stöðugreining 2014





23.02.15

Ritstjórn: Árni Ragnarsson. Aðrir höfundar efnis:
Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján P. Halldórsson,
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,
Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson.




Suðurnes. Stöðugreining 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Suðurnes, staðhættir og sérkenni	6
1.1 Sérstaða	6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög	8
1.3 Íbúar. Mannfjöldapróun	10
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi	11
1.5 Brothættar byggðir	11
1.6 Jafnrétti	11
1.7 Búferlaflutningar	13
2. Menntun	14
2.1 Skipting íbúa eftir menntun	14
2.2 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar	14
2.3 Starfajöldi á þekkingarsetrum	15
3. Efnahagspróun	16
3.1 Tekjur	16
3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka	17
3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur	18
3.4 Fasteignaverð	20
4. Samgöngur	21
4.1 Vegir, hafnir, flugvellir	21
4.2 Almenningsamgöngur	22
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða	22
4.4 Gagnaflutningar	23

5. Opinber þjónusta.....	24
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla	24
5.2 Löggæsla og sýslumaður.....	24
5.3 Héraðsdómur.....	24
5.4 Rafveita og húshitun.....	25
5.5 Opinber störf	25
6. Önnur þjónusta.....	27
6.1 Verslun.....	27
6.2 Ýmis þjónusta	28
6.3 Ferðaþjónusta.....	28
7. Iðnaður	30
7.1 Landbúnaðarafurðir.....	30
8 Frumvinnsla	31
8.1 Landbúnaður	31
8.2 Fiskveiðar.....	34
8.3 Fiskeldi.....	39
9 Stoðkerfi	41
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar	41
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra	42
9.3 Sóknaráætlun Suðurnesja	43
9.4 Þekkingarsetur.....	46
9.5 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024	46
10 Verkefna- og menningarsamningar	49
10.1 Vaxtarsamningur	49
10.2 Menningarsamningur	49
11 Fjölbjóðlegt samstarf.....	51
11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið	51
Viðaukar	52
Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2011-2013	52
Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2011-2013.....	55



Inngangur

Stöðugreining landshluta 2014 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2012 með nokkrum viðbótum. Áhersla er á það lögð að landshlutasamtök sveitarfélaga gangist fyrir mótun sóknaráætlana fyrir landshlutana með framtíðarsýn og áherslum til lengri tíma. Þá er áhersla á samþættingu áætlana og hliðsjón af áætlunum ríkisins. Því þótti mikilvægt með stöðugreiningu nú að ná yfirsýn yfir hina mörgu sameiginlegu starfsþætti innan landshlutans, innviði hans og atvinnuvegi eftir því sem kostur er. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt og stytta texta þannig að yfirsýn fái stjórn og síðan að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur. Mikilvægt er að Stöðugreining 2014 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Það verður ekki gefið út á pappír.

Sumir kaflar ritsins eru ekki uppfærðir frá 2012 vegna þess að ólíklegt þótti að breytingar væru merkjanlegar á svo stuttu tímabili. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla og það verður gert ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist landshlutunum við stefnumótun, öðrum sem láta sig þau mál varða og almenna byggðaðróun í landinu, á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Árni Ragnarsson.

1. Suðurnes, staðhættir og sérkenni

1.1 Sérstaða

Svæði sóknaráætlunar Suðurnesja er starfssvæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSS, með aðild allra 5 sveitarfélaga með 21.560 íbúa 1. janúar 2014, 6,6% af íbúum landsins, sama hlutfall og 1. janúar 2012. Svæðið nær yfir 829 km² og þar af eru 747 km² eða 90,1% undir 200 m y.s. Svæðið er

þannig láglent og minnsta svæði sóknaráætlana, en Suðurland stærst, 30 sinnum stærra. Svæðið er suðvesturhorn Íslands, Reykjanesskaginn, og afmarkast af sjó á þrjá vegu. Til austurs liggur svæðið bæði að Suðurlandi, upp frá Herdísarvík, og höfuðborgarsvæðinu á mörkum sveitarfélagsins Voga og Hafnarfjarðar. Raunar má segja að svæðið liggji líka að útlöndum því um það tengist Ísland við þau.


Tengsl Suðurnesja við útlönd hafa verið sterk og sérstæð fyrir íslenska landshluta síðan um miðja síðustu öld, eftir að Keflavíkurflugvöllur varð bækistöð fyrir NATÓ, fast aðsetur Bandaríkjahers og miðstöð farþegaflugs íslenskra flugfélaga milli Evrópu og Ameríku. Áhrif á menningu á Suðurnesjum eru af mörgum talin hafa komið fram í mikilli virkni á sviði tónlistar, einkum popptónlistar, annarra listgreina og íþróttar s.s. körfuknattleik og áhrifin borist frá Suðurnesjum yfir landsbyggðina. Mikil breyting varð fyrir landshlutann þegar Bandaríkjaher yfirgaf landið 2006. Flugstöðin og Keflavíkurflugvöllur er enn mikilvægur vinnustaður og margháttuð tengd starfsemi. Að öðru leyti einkennist byggð á Suðurnesjum af nábyli við sjó og fiskimið og af sjósókn og fiskvinnslu.

Á Suðurnesjum hefur íbúum fjölgað síðustu ár en samt hefur landshlutinn verið með hæstu atvinnuleysistölu en lægstu tölur fyrir fjölda langskólagenginna.

Hraun er einkennandi fyrir landslag á Suðurnesjum, víkur og nes. Í landshlutnum eru sérstök náttúrusvæði, einkum vegna jarðfræði því sjálf gossprungan liggur eftir Reykjanesskaga endilöngum með tilheyrandi háhitasvæðum sem sum hafa verið virkjuð en aflmiklar ár eru engar. Kort yfir friðlönd og fólkvang og svæði


virkanakosta eru í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024¹ sem að er vikið í kafla 9.4 hér á eftir.

Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2014



Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði

Kort frá Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024



¹ http://www.reykjanessaer.is/files/skyrslur/1_08182_svaedisskipulag-sudurnesja.pdf


Skrá yfir þessi svæði og svæði á náttúruminjasrá er að finna í stöðuskýrslu sem unnin var fyrir þjóðfund á Suðurnesjum 2010, 20/20 Sóknaráætlun.

Stöðuskýrsla Suðurnesja. Töluleg samantekt. Mars 2010.² Í skýrslunni er líka að finna yfirlit yfir auð- og orkulindir.

Með skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um

Mynd 1.1.3 Verndarsvæði

Kort frá Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024



vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 fylgja kort þar sem merktir eru inn verndar- og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnarinnar.³

Suðurnes hafa skapað sér nokkra sérstöðu með nýtingu jarðhitans og þá einkum fyrir heilsutengda ferðaþjónustu. Sóknarfæri eru talin góð fyrir slíka þjónustu eins og m.a. kemur fram í skýrslu frá mars 2014 sem unnin var í tengslum við sóknaráætlun Suðurnesja.⁴ Jarðhitinn hefur líka verið virkjaður til iðnaðarnýtingar.

² <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/soknaraaetlanir-fyrir-svaedi/landshlutask-sudurn.pdf>

³ www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf

⁴ http://www.sss.is/sites/default/files/skyrsla_-_taekifaeri_i_heilsutengdri_thjonustu_a_sudurnesjum.pdf

1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

Byggð á Suðurnesjum er tengd sjónum, mikil strandbyggð og útgerðarbær en landbúnaður er lítill.

Suðurnes eru þéttbyggð miðað við aðra landshluta, einkum Reykjanesbær. Hann er langfjölmennasta sveitarfélagið á svæðinu og þungamiðja þess með fjölbætta þjónustu í Keflavík og í flugstöðinni, bæði á vegum ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Íbúar á Suðurnesjum eru um 25 á hvern ferkílómetra sem lýsir allt öðrum aðstæðum en þar sem eru tæplega 2 íbúar á ferkílómetra eins og á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Samgöngur eru góðar innan svæðis og það er ein vinnusókn sem rennur þó inn í daglega vinnusókn höfuðborgarsvæðisins. Vinnusókn er því í báðar áttir á hverjum degi og almenningssamgöngur tiltölulega miklar og góðar, ekki síst vegna flugstöðvarinnar.

Starfsemin í Bláa lóninu og starfsemi tengd því á sinn þátt í að stækka vinnusóknarsvæði og styrkja almenningssamgöngur og tengist flugstöðinni og aðsókn ferðamanna víða að.



SUÐURNES
ÞÉTTBÝLISSTAÐIR OG LÁGLENDI 2012

Heimild: Innanríkisráðuneytið, Hagstofa Íslands, LMÍ 10.12/ÁR




Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga 2012

Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ

	fer- kílómetrar	karlar 11 2012	konur 11 2012	íbúar pr. km ²
Reykjanesbær	145	7160	6977	97,7
Grindavíkurbær	434	1460	1370	6,5
Sandgerðisbær	65	875	797	25,9
Sveitarfélagið Garður	21	775	702	71,0
Sveitarfélagið Vogar	165	592	534	6,8
Samtals	829	21.242		25,6


Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á Suðurnesjum 2012

Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi á Suðurnesjum á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



Íbúum hefur fjölgað mikið á Suðurnesjum en á tímabilinu 2009-2011 fækkaði þó en síðan virðist fjölga aftur. Athygliverður munur er á þróun mannfjöldans í Grindavík og Reykjanesbæ, ekki síst að fjöldamunur eftir kyni hefur breyst misjafnlega. Fjöldi kvenna og karla þróast til jöfnunar í Reykjanesbæ eftir hrun en hlutur kvenna minnkar í Grindavíkurbæ.

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði.


Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað. Skipting íbúafjöldans eftir kynjum er kvarði sem er mikilvægur og aðgengilegur í gögnum Hagstofu Íslands og uppfærast þar á hverju ári.

Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi sveitarfélaga á Suðurnesjum 1998-2014


sveitarfélag	1998		2003		2008		2014	
	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur
Reykjanesbær	5.323	5.082	5.527	5.396	7.005	6.435	7.368	7.159
Grindavíkurbær	1.121	1.013	1.231	1.148	1.436	1.343	1.509	1.379
Sandgerði	672	647	1.231	667	915	834	846	763
Sv.fél. Garður	577	564	617	616	777	683	749	660
Sv.fél. Vogar	382	334	461	405	646	585	578	549
Samtals	15.715		17.299		20.659		21.560	

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi í Reykjanesbæ 1998-2014







Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi í Grindavíkurbæ 1998-2014



1.3 Íbúar. Mannfjöldapróun

Þann 1. janúar 2014 bjuggu 21.560 manns á Suðurnesjum, þar af 21.441 í þéttbýli, eða 99,4%. Íbúum hafði þá fjölgað um 5.537 frá 1998 eða um 36,3%. Þá bjó um sama hlutfall íbúanna í þéttbýli. Hluttur Suðurnesja af þjóðinni hefur vaxið á þessu tímabili, verið á milli 5,8 til um 6,8%, en minnkaði þó aðeins eftir 2009 í um 6,6% árið 2014.

Hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum hefur verið talsvert yfir landmeðaltali, milli 9 og 10%, var um 8% í ársbyrjun 2013 á móti 6,6% og er minnkunin talsvert umfram landsmeðal. Í skýrslu Byggðastofnunar frá júní 2011 er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi erlendra ríkisborgara fyrir íslenskt efnahagslíf.⁵



⁵ http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_ríkisbogarar-juni_2011.pdf


	Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2013-2014					
	2013			2014		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Grindavík	2.856	1.482	1.374	2.883	1.507	1.376
Hafnir	76	44	32	86	48	38
Sandgerði	1.546	810	736	1.571	824	747
Garður	1.429	766	663	1.409	749	660
Keflavík og Njarðvík	14.153	7.172	6.981	14.438	7.319	7.119
Vogar	1.029	530	499	1.054	535	519
	21.089			21.441		

Heimild: Hagstofa Íslands

1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Á Suðurnesjum eru tveir bæir með yfir eitt þúsund íbúa, Reykjanesbær fjölmennastur, með 14.438 íbúa í ársbyrjun 2014, og Grindavík með 2.883 íbúa. Þrír þéttbýlisstaðir hafa íbúatölu á milli 1.000 og 2.000, Sandgerði með 1.571 íbúa, Garður með 1.409 og Vogar með 1.054 íbúa. Íbúafjölgun hefur verið mikil í Reykjanesbæ, Keflavík og Njarðvík, eftir aldamót og 40,0% frá 1998 til 2014. Á sama tímabili fjölgaði íbúum í Vogum um 70,6%. Fólksfækkunar gættir helst í Höfnum en þaðan er einna lengst að sækja vinnu og þjónustu utan þéttbýlis.

Viðgangur bæjanna er mikilvægur fyrir þróun búsetuskilyrða á svæðinu og því er íbúafjöldi þeirra mikilvægur kvarði sem byggist á tölum Hagstofu Íslands fyrir hvert ár.




1.5 Brothættar byggðir



Suðurnes eru eitt vinnusóknarsvæði og ekkert byggðarlag skilgreint inn í verkefnið *Brothættar byggðir*.

1.6 Jafnrétti


Mikill munur á fjölda karla og kvenna í samfélagi er af mörgum fræðimönnum talinn veikleiki samfélagsins og takmarkandi fyrir þróun þess. Því séu jafnréttismál mikilvægt byggðamál. Þennan kynjahalla má lesa úr mannfjöldatölum margra sveitarfélaga, einkum til sveita, en greiðfær leið er milli þéttbýlisstaða á Suðurnesjum og á milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað í öllum aldurhópum síðan 1998 nema 10-19 ára stúlkum





sem er allt öðru vísi þróun en í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins. Á þeim svæðum má sjá þróun sem felur í sér fækkun í hinum virku aldurshópum á vinnumarkaði og barneignum en ekki á Suðurnesjum. Í þessari stöðu felast mikilvægar forsendur fyrir nýsköpun og þróun í landshlutanum og skýringar á henni kunna að vera margar, að Suðurnes séu á vinnusóknarsvæði höfuðborgarinnar og íbúðaverð sé lægra, að umhverfið styðji nýsköpun, flugstöðin sé rótfesta og trygging fyrir þróun í nýjum og vaxandi greinum og auðveld sókn í vinnu og afþreyingu sem gefur valmöguleika. Þróun íbúafjöldans á Suðurnesjum hlýtur að vera sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að herstöðin á Miðnesheiði, stór og mikilvægur vinnustaður á Suðurnesjum, var lögð af 2006.




Skipting mannfjöldans eftir kyni virðist í nokkuð stöðugri þróun frá 1998, að hlutur kvenna sé vaxandi í flestum aldurshópum undir fimmtugu en karlar sækja á yfir sjötugu.

Skipting íbúa eftir kyni er mikilvægur kvarði og sama gildir um skiptingu eftir aldurshópum. Þessi skipting eftir kyni og aldri byggist á fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands og uppfærast ár hvert.

Á korti Nordregio á mynd 1.6.4 eru kynjahlutföll sýnd eftir sveitarfélögum 2014. Landsmeðaltalið var 99,4 konur á hverja 100 karla, Reykjanesbær rétt undir því en hin sveitarfélögin nokkur neðar. Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa flest samþykkt jafnréttisáætlanir; Grindavíkurbær⁶, Reykjanesbær⁷, Sandgerðisbær⁸ og Sveitarfélagið Garður⁹.

Mynd 1.6.4



⁶ <http://www.grindavik.is/jafnrettisstefna>

⁷ http://www.reykjanesbaer.is/files/pdf/010602_jafnrettisaetlun_2008.pdf


⁸ <http://sandgerdi.is/skjalasafn/pdf/jafnrettisaetlun2012.pdf>

⁹ http://www.svgardur.is/resources/files/240_jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlun-lokaeintak.pdf

1.7 Búferlaflutningar

Suðurnes eru annar af tveimur landshlutum þar sem aðflutningur hefur verið umfram brottflutning. Hinn er höfuðborgarsvæðið. Nokkur brottflutningur var frá Suðurnesjum á árunum 1994 til 1998 en eftir það tók við tímabil stöðugleika fram til ársins 2004. Árin þar á eftir til ársins 2008 var mikill aðflutningur til landshlutans en næstu fjögur ár voru brottfluttir fleiri en aðfluttir. Árið 2013 voru

aðfluttir nokkru fleiri en brottfluttir. Á 20 ára tímabili frá 1994 til 2013 hafa um 2.200 manns flutt í landshlutann umfram brottflutta og er mismunur aðfluttra og brottfluttra sýndur á mynd 1.7.1.



2. Menntun

2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Til þess að greina skiptingu íbúa í landshlutunum eftir menntun fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman tölur úr gögnum sínum. Capacent spyr í ýmsum könnunum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt.

Samanburður leiðir í ljós að íbúar á Suðurnesjum með iðnnám og próf úr grunnskóla eða minni menntun eru fleiri en landsmeðaltalið. Þetta er svipað mynstur og í landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins og líka að karlar með iðnnám og starfsnám úr framhaldsskóla og konur með stúdentspróf eru fleiri en landsmeðaltalið. Hins vegar er hlutur þeirra íbúa svipaður á Suðurnesjum

og í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa lokið háskólaprófi, grunnnámi og framhaldsnámi í háskóla og er vel undir landsmeðaltali.

Höfuðborgarsvæðið er mjög ráðandi í landsmeðaltali og íbúar í landshlutum utan þess hafa annað menntunarmynstur en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þetta á líka við um Suðurnes í stórum dráttum.

2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Í Reykjanesbæ er Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum með starfsendurhæfingu og aðgang að fjarnámi. Enginn háskóli er á Suðurnesjum en Háskólasetur í Sandgerði, rannsóknasetur, og í gömlu herstöðinni, Ásbrú, er starfrækt Háskólabrú Keilis með


Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent

	Grunnskóla- próf eða minna	Starfs- nám í fram- halds-	Stúdents próf	Iðnnám/ verknám /meistar- apróf	Grunn- nám í háskóla	Fram- halds- nám í háskóla	
Karlar							
Suðurnes	37%	4%	6%	36%	13%	4%	100%
Landið allt	22%	3%	14%	31%	19%	10%	99%
Konur							
Suðurnes	39%	5%	23%	9%	21%	5%	100%
Landið allt	27%	6%	19%	9%	27%	11%	99%


Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent



Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun

Heimild: Capacent




undirbúningsnám fyrir háskóla og háskólanám í samstarfi við HÍ í orku- og umhverfisfræði og mekatrónik hátækni-fræði. Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun.

2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum

Í áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi



Mynd 2.2.1



SUÐURNES
HÁSKÓLAR, FRAMHALDSSKÓLAR OG
SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVAR 2012


Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, LMÍ 10.12/ÁR



sem lögð var fram árið 2010 af Mennta- og menningarmálaráðuneyti voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta nema á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi stöðugilda þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfafjöldi því mikilvægur kvarði. Fjöldi stöðugilda sem settur er hér fram sem kvarði byggist á samantekt skýrslunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu en teknar eru með í skýrsluna, stöðstofnanir, og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þróa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 2.3.1 Fjöldi stöðugilda á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009

Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009



Samanburður sýnir að stöðugildi á þekkingarsetrum á Suðurnesjum er langt undir meðaltali landshlutanna utan höfuðborgarsvæðisins, rúmlega 0,1 stöðugildi á hverja 100 íbúa. Skýrsluna frá 2010 uppfærðu fulltrúar Mennta- og menningarmála- og Fjármála- og efnahagsráðuneyta í stýrineti stjórnarráðsins í vinnuskjali árið 2012 undir heitinu *Þekkingarsetur og stöðstofnanir, samantekt eftir landshlutum*.¹⁰ Ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga hafa gert athugasemdir við uppfærðu skýrsluna. Á vegum Bygðastofnunar er unnið að greiningu á fjölda og staðsetningu ríkisstarfa og munu niðurstöður leiða til endurskoðunar á skýrslunni. Samt er hér birt úr henni eftirfarandi skrá yfir setur, stofnanir og verkefni á Suðurnesjum:

Tafla 2.3.2 Skrá yfir þekkingarsetur


Starfsemi	Staður	Gerð	Starfsmenn	Stöðugildi
Atvinnuráðgjöf SSS	Reykjanesbær		1	1
Menningarfulltrúi Suðurnesja	Reykjanesbær	Samtök sveitarfélaga	0,5	0,5
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Reykjanesbær	Sjálfsseignastofnun	9	8,5
Náttúrustofa Reykjaness	Sandgerði	Stofnun	4	3,4
Saltfisksetur Íslands	Grindavík	Sjálfsseignastofnun	2,5	2,5
Fræðasetrið Sandgerði	Sandgerði		4	4,5
Háskóla- og Mennta- og Menningarmálaráðgjöf Suðurnesja	Sandgerði	Stofnun	6	3
Rannsóknastöðin	Sandgerði	Annað	11	8

¹⁰ <http://www.stjornarrad.is/media/sl/Thekkingarsetur-og-stodstofnanir.pdf>

3. Efnahagsþróun

3.1 Tekjur

Útsvarstofn sveitarfélaga byggist á heildaratvinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um útsvarstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarstofn pr. íbúa telst þannig vera marktækur og



mikilvægur kvarði sem uppfærast árlega og getur lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin í landshlutanum er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal en sést í tölum á töflunni hér að neðan. Útsvarstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2013 á hvern íbúa í landshlutanum og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Útsvarstofn fyrri hluta tímabilsins 2006-2011 var vel yfir landsmeðaltali á Suðurnesjum og helst nokkuð jafnt yfir því allt tímabilið. Bilið virðist líka halda í risinu eftir hrunið. Af línuritinu má sjá að árið 2011 var útsvarstofn enn mun lægri en hann var fyrir hrun og þar með tekjur einstaklinga.

Mynd 3.1.2 Útsvarstofn á íbúa eftir landshlutum 2007-2013





Útsvarstofn á íbúa á verðlagi ársins 2013 í þús.kr.							
	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Höfuðborgarsvæðið	4.115	3.771	3.295	3.109	3.185	3.233	3.289
„Landsbyggð“	3.435	3.141	2.888	2.807	2.907	2.964	3.013
Suðurnes	3.501	3.179	2.783	2.637	2.707	2.732	2.822
Vesturland	3.411	3.162	2.922	2.875	2.926	2.962	2.979
Vestfirðir	3.215	3.150	3.020	2.849	2.954	3.047	3.058
Norðurland vestra	2.980	2.871	2.771	2.702	2.742	2.855	2.914
Norðurland eystra	3.243	3.085	2.906	2.856	2.955	2.997	3.055
Austurland	4.458	3.455	3.170	3.105	3.327	3.378	3.389
Suðurland	3.283	3.094	2.815	2.753	2.876	2.966	3.007
Landsmeðaltal	3.859	3.537	3.144	2.998	3.084	3.135	3.189

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

3.2 Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka


Atvinnuleysi á Suðurnesjum var á bilinu 12-13 % á árunum 2009-2011 og því um 4-5 prósentustigum yfir landsmeðaltali. Á árinu 2012 dró verulega úr því og það mældist tæp 10% það ár. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Suðurnesjum vegur mikið í landsmeðaltalinu, enda stærstur hluti íbúa á þessum svæðum. Atvinnuleysi karla minnkaði frá ári til árs á tímabilinu 2010 til 2012 eða um 4 prósentustig. Atvinnuleysi kvenna minnkaði einnig verulega milli árána 2011 og 2012. Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir þróun en líka er mikilvægt að horfa til breytinga í þeim aldurshópi sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi. Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka var 80,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 80,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2012 eða um 78%, en atvinnuþátttaka karla lækkaði úr 87% í 83% á sama tímabili.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Suðurnesjum um 0,8 prósentustig. Þetta endurspeglar að eldri árgangar hafa stækkað, en einnig að töluvert af ungu fólki hefur flust til svæðisins. Vinnuafli samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Hagstofan skilgreinir atvinnuþátttöku sem hlutfall vinnuafls af heildarmannfjölda. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu.



3.3 Nýskráning fyrirtækja, hlutfallsskipting framleiðslu og hagvöxtur

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki. Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar ná ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa.



Samanburður á þeim grunni sýnir fylgni nýskráninga fyrirtækja á Suðurnesjum og á landsmeðaltali, bæði í uppsveiflu og niðursveiflu fyrir hrun og fjöldi nýskráninga á hverja 1.000 íbúa var svipaður árið 2007 en hrúnið virðist hafa hitt Suðurnes harðar því meiri fækkun nýskráninga varð þar en landsmeðaltal og þeim var ekki farið að fjölga árið 2013.

Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2011.

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Landbúnaður	6%	94%	1%	11%	5%	12%	18%	8%	39%	100%
Sjávarútvegur	19%	81%	13%	13%	8%	5%	13%	14%	15%	100%
Stóriðja, veitur	52%	48%	4%	15%	2%	2%	6%	15%	5%	100%
Annar iðnaður	72%	28%	3%	4%	1%	2%	7%	4%	7%	100%
Byggingar	54%	46%	10%	4%	2%	3%	11%	6%	9%	100%
Verslun, hótél, veit., samgöngur	78%	22%	6%	3%	1%	1%	4%	2%	4%	100%
Fjármálafyrirtæki og önnur þjónusta	77%	23%	4%	3%	1%	1%	6%	3%	5%	100%
Opinber þjónusta	66%	34%	5%	5%	2%	2%	9%	4%	7%	100%
Öll framleiðsla	66%	34%	5%	5%	2%	2%	7%	5%	7%	100%


Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Bygðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landsframleiðslunnar verða til á svæði höfuðborgarinnar. Samanburður sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun fæst með mati á vægi atvinnugreina í hverjum landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Suðurnesjum og við landsmeðaltal. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. á hagvexti landshlutanna. Þessar skýrslur byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjustu skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2011, má sjá á vef Bygðastofnunar.¹¹

¹¹ www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvostur_landshluta_2004_-_2011.pdf.

Á staflaritinu sést vel mikið vægi verslunar og hótela á Suðurnesjum, og gildi flugstöðvar, Bláa lónsins og tengdrar verslunar og þjónustu sem og mikið vægi sjávarútvegs. Þó svo að framleiðsla opinberrar þjónustu á Suðurnesjum sé undir landsmeðaltali er hlutur hennar stór sem og hlutur fjármálastarfsemi í landshlutanum. Landbúnaður mælist ekki.

Upplýsingar um hagvöxt eftir landshlutum fást í sömu heimild og eru líka mikilvægur kvarði. Þær sýna mikla uppsveiflu hagvaxtar á Suðurnesjum fyrir hrun og sláandi mun á hagvexti þar og landsmeðaltali árið 2007. Samkvæmt skýrslunni er sjávarútvegur mikilvægastur á Suðurnesjum og Vestfjörðum og vöxturinn í sjávarútvegi og starfsemi flugstöðvarinnar gerir meira en vega upp áhrifin af brotthvarfi hersins. Hagvöxtur landshluta á tímabilinu 2004-2011 var mestur á Suðurnesjum, 32%, en



Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2011


	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2004	10%	2%	2%	4%	-1%	3%	-1%	4%	3%	7%
2005	4%	15%	18%	11%	18%	4%	10%	39%	10%	7%
2006	8%	3%	7%	4%	-3%	-2%	-11%	20%	6%	6%
2007	7%	6%	21%	1%	-8%	0%	4%	10%	1%	6%
2008	-1%	6%	6%	9%	13%	6%	13%	-10%	8%	1%
2009	-7%	-8%	-12%	-4%	0%	-4%	-9%	-16%	-5%	-8%
2010	-2%	-6%	-11%	-6%	-14%	-1%	-7%	0%	-4%	-3%
2011 bb	3%	3%	3%	2%	0%	1%	3%	4%	3%	3%
'04-'11	11%	18%	32%	18%	2%	5%	0%	43%	20%	13%
'07-'11	-8%	-6%	-13%	0%	-3%	2%	-1%	-22%	1%	-7%

bb – bráðabirgðatölur

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011

meðaltal fyrir landið allt var 13%.


Fallið niður í neikvæðan hagvöxt 2009 og 2010 er dýpra en landsmeðaltal, en vöxtur árána þar á undan og þá einkum í starfsemi sem tengist flugvellinum og útgerð leiðir til þess að hagvöxtur fyrir tímabilið 2004-2011 var töluvert meiri en á landsvísi eins og að framan greinir.



3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð er eitt af þeim viðmiðum sem lýsa efnahagslegri stöðu. Í könnun Byggðastofnunar frá vormánuðum 2014 er samanburður á heildarmati sömu fasteignar eftir nokkrum stöðum á landinu 2010 og 2014.¹² Það lýsir þannig verðmun sömu fasteignar eftir því hvar hún er og hvernig mat hefur breyst frá 2010. Á Suðurnesjum var mat fasteignarinnar skoðað í Grindavík og Keflavík og niðurstöður settar fram í súluriti og hér er gulur litur undir súlum þessara bæja til glöggvunar. Fram kemur að fasteignaverð á báðum stöðum er fremur hátt í samanburði við aðra staði á landinu, hefur aðeins hækkað í Grindavík en lækkað í Keflavík frá 2010 til 2014.

Mynd 3.4.1 Heildar fasteigna- og lóðamat viðmiðunareignar 2010 og 2014



¹² <http://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/grof-og-skrar>

4. Samgöngur

4.1 Vegir, hafnir, flugvellir


Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 er Keflavíkurflugvöllur í grunnneti samgangna. Hann er eini flugvöllurinn á Suðurnesjum og eini flugvöllurinn á landinu með daglegt millilandaflug. Daglegt áætlunarflug er um völlinn austur til Evrópu og vestur til Ameríku og mikið leiguflug. Milli flugstöðvar og Reykjavíkur eru rútuferðir í tengingu við millilandaflugið en Keflavíkurflugvöllur er ekki tengdur áætlunarflugi innanlands nema að nokkrum sinnum á hverju sumri lenda þar flugvélar sem flytja farþega milli Akureyrar og Keflavíkur vegna millilandaflugs.

Þjóðvegur nr. 1 liggur ekki um Suðurnes en stofnvegur milli Reykjavíkur og Leifstöðvar er einn fjölfarnasti vegarkafli landsins utan þéttbýlis með ríflega tíu þúsund bíla á sólarhring á milli Hafnarfjarðar og Voga. Stofnvegur á Suðurnesjum liggur frá Keflavíkurveginum að þéttbýlisstöðum, Garði, Sandgerði og suður til Grindavíkur og þaðan er hinn nýi Suðurstrandarvegur stofnvegur til Þorlákshafnar. Engir stofnvegir á Suðurnesjum liggja yfir 200 m y.s.

Ein vöruflutningahöfn er á Suðurnesjum, í Helguvík. Þrjár hafnir í landshlutanum eru í grunnneti samgöngukerfisins, tvær í flokki I, í Reykjanesbæ og Grindavík og ein í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, í Sandgerði. Að auki er ein smábátahöfn í flokki IV, í Vogum. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.


Mynd 4.1.1 Grunnnet samgangna

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



Mynd 4.1.2 Stofnvegir 2010


Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



SKÝRINGAR

- VÖRUFLUTNINGAHÖFN
- 1. FLOKKUR: STÓRAR FISKIHAFNIR
- 2. FLOKKUR: MEÐALSTÓRAR FISKIHAFNIR
- 3. FLOKKUR: BÁTAAFNIR
- 4. FLOKKUR: SMÁBÁTAAFNIR
- HÖFN Í GRUNNET, SKV. SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2022
- 50 KM LOFTLÍNURADÍUS FRÁ VÖRUFLUTNINGAHÖFN
- SVÆÐI SÓKNARÁÆTLANA
- MÖRK SVÆDA SÓKNARÁÆTLANA
- HREPPAMÖRK
- VEGUR
- VEGSLÓÐI, SUMARVEGUR
- JÖKULL
- VATN, Á

Mynd 4.1.3



SUÐURNES
HAFNIR 2012

Heimild: Siglingastofnun, Hagstofa Íslands, LMÍ
10.12/ÁR


0 25 50 75 100 km

 Byggðastofnun

4.2 Almennings-samgöngur

Almennings-samgöngur á Suðurnesjum grundvallast á stóru þéttbýli í Keflavík og Njarðvík og vinnu- og þjónustusókn til flugvallarins.

Kerfi almennings-samgangna hefur verið mótað í samstarfi sveitarfélaga og stofnana gagnert til þess að auðvelda vinnu- og þjónustusókn á Suðurnesjum, nær til allra þéttbýlisstaða og byggist á samningum við sérleyfis-hafa. Það verður áfram mikilvægt viðfangsefni sveitarfélaga á Suðurnesjum.



4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Vegalengdir eru ekki miklar milli staða og vegir liggja ekki hátt yfir sjó. Í skýrslunni Hagvöxtur landshluta 2004-2009 eru leidd rök að því (bls. 10) að fleiri starfsmenn Leifsstöðvar búi nú í nágrenni hennar en áður. Hún ásamt fjölbreyttri þjónustu og verslun myndar þungamiðju Suðurnesja.

Mynd 4.3.1 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012


Heimild: Vegagerðin

Vegalengdir milli þéttbýlisstaða (sem mest á bundnu slitlagi)		
	Frá Grindavík	Frá Keflavík
Grindavík		23
Hafnir	28	11
Sandgerði	31	9
Garður	33	11
Keflavík	23	
Vogar	19	14
Reykjavík	50	46

Heimild: Vegagerðin

Mynd 4.3.2 Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012

Heimild: Vegagerðin



Landslag setur vinnusóknar-svæði þéttbýlisstaða á Suðurnesjum ekki skýr mörk né heldur vegalengdir og skarast þau innbyrðis og skarast líka við vinnusóknar-svæði höfuðborgarinnar samkvæmt könnun Byggðastofnunar og atvinnuþróunar-félaganna. Dagleg vinnusókn er í báðar áttir og Suðurnes eru þannig hluti af öflugasta vinnu- og þjónustusóknar-svæði á landinu.

Stytting ferðatíma, veg-styttingar og samgöngu-bætur, breyta vinnu- og þjónustusókn og þar með búsetuskilyrðum. Ferðatími er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlanir.


4.4 Gagnaflutningar

Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að greiningu á stöðu fjarskiptamála í einstökum landshlutum og von er á fyrstu niðurstöðum á fyrri hluta árs 2014. Í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaaætlun 2014-2017*,¹³ bls. 40-42, er fjallað almennt um stöðu gagnaflutninga á landinu.

Mynd 4.3.3

Skýringar

-  ÞÉTTBÝLISSTAÐUR
-  REYKJAVÍK
-  MÖRK VINNUSÓKNAR-SVÆÐIS
-  MIÐSTÖÐ VINNUSÓKNAR-SVÆÐIS MEÐ ÚTLÍNU Í SAMANLIT OG MIÐJA HRINGS
-  MÖRK LANDSHLUTA-SAMTAKA SVEITAR-FÉLAGA
-  MÖRK "HVÍTÁ-HVÍTÁ" SVÆÐIS ÍSLAND 2020
-  LAND SVEITARFÉLAGA INNAN MARKA SVÆÐIS-SKIPULAGS MIÐHÁ-LENDISINS OG FRÍÐLAND Á HORNSTRÖNDUM
-  GRUNNNET VEGA



VINNUSÓKNARSVÆÐI ÞÉTTBÝLISSTAÐA 2014

Heimild: Atvinnuþróunarfélögin 2008 og 2011,
Landmælingar Íslands og Vegagerðin



12.14/ÁR
BYGGÐASTOFNUN

¹³ <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf>.

5. Opinber þjónusta

5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla


Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum sem mynda SSS og hefur miðstöð í Keflavík. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur miðstöð í Keflavík, þar hafa stjórnendur aðsetur og þar er líka heilsugæslustöð og sjúkrahús með vaktþjónustu. Heilsugæslustöð er í Grindavík og heilsugæslusel í Vogum.¹⁴

Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru rekin sérstaklega í Grindavík og Reykjanesbæ og í Reykjanesbæ eru líka hjúkrunarrými í tengslum við sjúkrahúsið.

5.2 Löggæsla og sýslumaður

Á Suðurnesjum situr einn sýslumaður og einn lögreglustjóri. Bæði embættin hafa aðsetur í Reykjanesbæ og ná umdæmi beggja yfir sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum.

Lögreglustöðvar eru í Garði, Sandgerði, Vogum, Grindavík og á Keflavíkur-flugvelli.¹⁵



5.3 Héraðsdómur

Héraðsdómur Reykjanes hefur aðsetur í Hafnarfirði og umdæmi hans nær, auk sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum, yfir Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ.¹⁶

¹⁴ http://www.velferðarráðuneyti.is/hbr/stofnanir/sjukrahus_og_heilbrigdisstofnanir/

¹⁵ <http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/sudurnes/>

¹⁶ <http://www.domstolar.is/reykjanes>

Mynd 5.1.1

SKÝRINGAR



HEILBRIGÐISUMDÆMI SUÐURNESJA, STOFNANIR OG STJÓRNKERFI 2015


Heimild: Velferðarráðuneytið, forstjórar heilbrigðisumdæma, reglugerð nr. 785/2007, nr. 92/1989, LMÍ 01.15/ÁR



BYGGÐASTOFNUN

SKÝRINGAR

FJÖLDI ALMENNRA HJÚKRUNARRÝMA Á HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILUM



Mynd 5.1.2

HEILBRIGÐISUMDÆMI SUÐURNESJA HJÚKRUNARRÝMI Á HJÚKRUNAR- OG DVALARHEIMILUM 2015

Heimild: Velferðarráðuneytið, LMÍ 02.15/ÁR



BYGGÐASTOFNUN

5.4 Rafveita og húshitun

Á Suðurnesjum hafa HS Veitur sérleyfi til dreifingar raforku og kerfisstjórnunar. Hitaveita Suðurnesja starfar með einkaleyfi á Suðurnesjum frá janúar 2010.

Tveir þéttbýlisstaðir á Suðurnesjum voru með í úttekt á kostnaði vegna húshitunar og raforkunotkunar sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera. (Sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*.) Samkvæmt úttektinni er þessi kostnaður sá sami í Keflavík og Grindavík og í samanburði við aðra staði á landinu er kostnaðurinn meðal tíu lægstu staða, tæplega 11% hærri kostnaður en þar sem kostnaður var lægstur í úttektinni.

Mynd 5.4.1 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum á Suðurnesjum og í dreifbýli.

Miðað er við gjaldskrá 1. janúar 2013

Staður	Hitaveita Fjarvarmav. kr./ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Rafmagn Almenn notkun kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári	Samtals rafmagn og hiti kr./ári
Keflavík	93.420		93.420	68.606	162.026	
Grindavík	93.420		93.420	68.606	162.026	

Heimild: Orkustofnun

5.5 Opinber störf

Eftir bankahrunið, haustið 2008, fækkaði störfum ríkisins víða á landinu. Greinargerð sem Hagfræðistofnun

Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun¹⁷, Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins, var gerð opinber í apríl 2013. Þar er fjallað um árin frá hruni til 2011 og þar kemur fram að ríkisstörfum fækkaði mikið á Suðurnesjum. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett fram

Mynd 5.5.1 Ríkisstörf á Suðurnesjum 2007 og 2011	Fjöldi starfsmanna 2007	2011	Breyting milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Framhaldsskólar almennt	22	62,5	40,5
Fjölbrautarskóli Suðurnesja	82,5	90,2	7,7
Framhaldsfræðsla	5	14	9
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Hagþjónusta landbúnaðarins	2,9	0	-2,9
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Lögreglustjórn á Suðurnesjum	236,4	89,9	-146,5
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	24,6	22,1	-2,5
Flugmálastjórn Íslands	222	0	-222
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	2,8	5,4	2,6
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	197,3	214,6	17,3
Vinnumálastofnun	4	6,2	2,2
Atvinnuleysistryggingarsjóður	0	1	1
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Tollstjórnin	0	53,3	53,3
<i>Umhverfissráðuneytið</i>			
Veðurstofa Íslands	0	7,5	7,5
Samtals	799,5	566,7	-232,8
Samtals eftir leiðréttingu			57,2

Heimild: Fjármálaráðuneytið, Skúli Jónsson (2012), Róberta Maloney (2012) og Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir (2012).

¹⁷ <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyting-a-fjolda-rikisstarfsmanna.pdf>

Mynd 5.5.2 Staðsetning ríkisstarfa á Suðurnesjum 2014

athugasemdir við skýrsluna.) Í samantekt um svæðið segir í skýrslunni:

„Nokkuð óljóst er hvernig fjöldi ársverka á Suðurnesjum hefur breyst á síðustu árum en eftir leiðréttingar gagna má ætla að um 57 ársverk hafi orðið til á svæðinu frá 2007 til 2011. Þessi fjölgun hefur að einhverju leyti haft jákvæð áhrif á íbúaþróun á svæðinu, en þau áhrif hafa sennilega verið lítil.... Atvinnuleysi jókst gríðarlega á Suðurnesjum upp úr hruni, má ætla að ef ekki hefði komið til aukningar á opinberum störfum á svæðinu hefði atvinnuleysi orðið enn meira. Mestur niðurskurður á Suðurnesjum er í kringum starfsemi flugstöðvarinnar og löggæslu á öllum Suðurnesjum. Niðurskurður í löggæslu hefur neikvæð áhrif á samfélagið, íbúar missa vinnu og almennir borgarar gætu upplifað sig óöruggari í sínu eigin samfélagi. Suðurnesin skera sig nokkuð úr af svæðum á landsbyggðinni og líkjast þau að sumu leyti meira þeirri þróun sem hefur verið á höfuðborgarsvæðinu.“

Í skýrslunni eru ríkisstörf á Suðurnesjum sett fram á skrá sem sýnd er hér að framan til samanburðar milli ára.


Flest ríkisstörf á Suðurnesjum er að finna í Reykjanesbæ, Keflavík og Njarðvíkum, eins og sést á töflunni hér til hliðar. Þar er sett fram niðurstaða úr könnun sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum vann í samráði við Byggðastofnun 2014. Önnur landshlutasamtök gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.¹⁸

Mynd 5.5.3

STAÐSETNING RÍKISSTARFSEMI 2014 OG VINNUSÓKNARSVÆÐI

Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga, Ríkisreikningurinn, ríkisstofnanir, LMÍ 11.14-ÁR

- SKÝRINGAR
- ▲ Héradstarfsemi
 - ▲ Landshlutastarfsemi
 - ▲ Landsstarfsemi
 - Vinnusóknarsvæði
 - Mörk vinnusóknarsvæðis Reykjavíkur
 - Mörk landshluta
 - Mörk sveitarfélaga



0 25 50 75 100 km

Aðeins starfspættir ríkisins koma fram á kortinu, hvorki fjöldi stofnana né stærð þeirra. Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða miðast við daglegaa vinnusókn. Skoða má bæði starfspætti og vinnusóknir á heimasíðu Byggðastofnunar.

Staðsetning starfa ríkisins 2014	BYGGÐASTOFNUN	Héraðsþjónusta	Landshlutajónusta	Landspjónusta
59	Ranns.sjóður AVS			
58	Veðurstofan			
57	Jafnréttisstofa			
56	Umferðarstofa			
55	Þjóðskrá			
54	Háskóli			
53	Íbúðalánasjóður			
52	Landmæl Íslands			
51	Ferðamálastofa			
50	Verðl.st.skiptaverð			
49	Ranns. sjóðslysa			
48	Fangelsi			
47	Fæð.orlofs sjóður			
46	Innh.stofn. sekta			
45	Atv.leys.tr.sjóður			
44	Innheimtustofnun			
43	Barnaverndarstofa			
42	Þýðingarmiðstöð			
41	Fjölmennt.setur			
40	Skattstofa			
39	Ríkisútvarp			
38	Landhelgisgæslan			
37	Fiskistofa			
36	Umhverfisstofnun			
35	Landshlutaskógar			
34	Vatnajökulspjöldg			
33	Skógrækt ríkis			
32	Landgræðslan			
31	Veidimálastofnun			
30	Vinnueftirlitið			
29	Vinnumálastofnun			
28	Byggðastofnun			
27	Nýsköpun.miðstöð			
26	Grimshagi			
25	Matvælastofnun			
24	Matis			
23	Minjastofnun			
22	Dýralæknar			
21	Tollgæsla			
20	Biskup			
19	Siglingamálastofn			
18	Héraðsdómari			
17	Hafrannsóknastofn			
16	Náttúrustofa			
15	Háskólasetur			
14	Framhaldsskóli			
13	Sparisjóður			
12	Áætfl.flygvöll./Isavia			
11	Landsbanki			
10	Vaðlaheiðargöng			
9	Sjúkrahús			
8	Vegagerðin			
7	Sýslumaður			
6	Rarik/Orkubú Vf.			
5	Lögreglustöð			
4	Áfengisverslun			
3	Íslandspóstur			
2	Heilsugæsla			
1	Prestur			

Byggðastofnun 2014. Heimild: Landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarráðgjafar 2013-14, Fjársýsla ríkisins, Ríkisreikningurinn 2012, heimasiður stofnana og ráðuneytra og viðtöl við fulltrúa þeirra 2014

¹⁸ <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-starfa-rikisins-1>


6. Önnur þjónusta

6.1 Verslun

Flokkun verslana

Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Suðurnesjum í Reykjanesbæ og Grindavík og klukkubúðir í Sandgerði og Garði. Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:
 - Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir
 - Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir
 - Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir
 - Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.



6.2 Ýmis þjónusta

Flesta starfsþætti þjónustu fyrirtækja á Suðurnesjum er að finna í Reykjanesbæ, Keflavík og Njarðvíkum, eins og sést á töflunni á mynd 6.2.1. Hún sýnir niðurstöður könnunar sem SSS gerði 2014 í samráði við Bygðastofnun. Önnur landshlutasamtök gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Bygðastofnunar.¹⁹ Fjöldi þjónustubátta í Keflavík/Njarðvík er sambærilegur við mesta fjölda á stöðum í hverjum landshluta.

6.3 Ferðapjónusta

Sérstaða Suðurnesja í ferðapjónustu er mikil, bæði vegna náttúru, samfélags og staðsetningar millilandaflugvallarins í landshlutanum. Áherslu á ferðapjónustu er að finna í flestum stefnumótandi samþykktum Suðurnesjamanna um byggðapróun og samningum við ríkisvaldið.

Keflavíkurflugvöllur er einn af fjórum alþjóðaflugvöllum á Íslandi og sá langmikilvægasti. Þannig fóru 99,0% af póst- og vöruflugningum og 97,5% farþega um íslenska flugvelli milli landa um Keflavíkurflugvöll árið 2012.²⁰ Farþegafjöldinn hefur farið ört vaxandi síðustu ár og í septemberlok 2014 höfðu 3.063.116 farþegar farið um Keflavíkurflugvöll á árinu sem er 20,2% aukning frá sama tímabili 2013.²¹ Hins vegar hafði hlutur Keflavíkurflugvallar í flugfarþegum á ferð um íslenska flugvelli lækkað frá 2012 í 84,4%.

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja segir m.a. eftirfarandi um útivist og ferðapjónustu:

„Unnið verði að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir mismunandi hópa. Útivistargildi Suðurnesja felast fyrst og fremst í því að meginhluti svæðisins er óraskaður og náttúran einstök. Fjölbreyttar landslagsmyndanir, jarðhitavirkni og lífríkið einstakt... Náttúru- og söguminjarnar eru auðlind, bæði í menningarlegu tilliti og vegna útivistar og ferðapjónustu. Sérstök útivistarsvæði eru skv. aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna skilgreind víða.“

Í svæðisskipulaginu er sett fram eftirfarandi aðgerðaskrá vegna útivistar, ferðapjónustu og ferðamennsku:

- Unnið verði saman að málefnum ferðapjónustu og skilgreint í hverju samvinna verði fólgin.
- Varpa skýrara ljósi á verkefni Suðurnesja í ferðapjónustu. Skilgreina áætlanir og aðgerðir sem ráðast þarf í.
- Vinna áætlun um markaðssetningu svæðisins í samstarfi við ferðapjónustuaðila, skilgreina *segla, tækifæri og samgöngur*.

Mynd 6.2.1 Staðsetning þjónustustarfa fyrirtækja 2014

BYGGÐASTOFNUN	VERSLUN	HEILBIGGI- & LÍKAMSREKT	EINSTAKL.ÞJÓNUSTA	BYGGINGARÞJÓNUSTA	FIJÁRMÁLA- RÁÐGJÖF	REKSTRAR- ÞJÓNUSTA	FERDA- ÞJÓNUSTA	FIÖL- MIBLUN	Suðurnes				
									28	16	11	54	
	Útvarpsstöð												
	Sjónvarpsstöð												
	Staðarblað												
	Leigubílar												
	Hótel												
	Áætlunarferðir												
	Gistiheimili												
	Veitingahús												
	Prentsmiðja												
	Veifarfarþjón												
	Dýralæknir												
	Tölvuþjónusta												
	Vélaverkstæði												
	Vörubílar												
	Lögfræðistofa												
	Endurskoðun												
	Bókhaldsstofa												
	Banki/sparisjóður												
	Hraðbanki												
	Véla- og rafm.hönn												
	Mannvirkjahönnu												
	Fasteignasala												
	Jarðvinnufyrirtæki												
	Steypustöð												
	Múrari												
	Húsamálari												
	Pípulagnþjónust												
	Rafvirkni												
	Húsasmíður												
	Skósmíður												
	Kvikmyndahús												
	Bílaskoðun												
	Raftækjavíðgerð												
	Ökukennsla												
	Trésmíðaverkstæði												
	Bílaverkstæði												
	Hárskurður- og gre												
	Geðlæknir												
	Sérfr.tannlæknir												
	Augnæknir												
	Aðrir sérfr.læknar												
	Sálfræðingur												
	Nuddstofa												
	Tannlæknir												
	Sjúkrþjálfun												
	Hand- & fót snyrtin												
	Líkamsrækt												
	Heimilislæknir												
	Húsgagnaverslun												
	Fiskbúð												
	Lágverðsverslun												
	Skóverslun												
	Bókaverslun												
	Fataverslun												
	Raftækjaverslun												
	Bygg. efnissala												
	Bensinstöð												
	Dagvöruverslun												

¹⁹ <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-thionustustarfa-fyrirtaekja>.

²⁰ Isavia. Flugtölur 2012. [http://www.isavia.is/files/um-isavia-skrar/flugtolur/flugtolur-2012-islenska-\(2\).pdf](http://www.isavia.is/files/um-isavia-skrar/flugtolur/flugtolur-2012-islenska-(2).pdf)

²¹ <http://www.isavia.is/um-isavia/flugtolur/>

- Sótt verði um aðild að European Geoparks Network (EGN) til að kynna almenningi jarðfræði svæðisins og stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Viðhalda samfellu ósnortinnar náttúru strandlengjunnar með samráði og samvinnu sveitarfélagana um skipulag og framkvæmdir.
- Unnið verði að uppbyggingu á einu öfluglu svæði fyrir akstursípróttir, Motopark-svæðið í Reykjanesbæ.
- Við uppbyggingu og þróun á Atvinnusvæði B, skal taka tillit til útivistarsvæðis í Reykjanesbæ sunnan við Reykjanesbrautina.
- Æskilegt er að stækka þau skógræktarsvæði sem þegar er verið að rækta, landið milli Háabjalla og Sólbrennkuskógar.
- Við mótun áætlana um ný skógræktarsvæði skal taka tillit til landslags og nútímahrauna og annarra náttúruminja sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
- Við endurskoðun aðal-skipulagsáætlana skal afmarka staði upprunalegra birkiskóga.


Í Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 eru sett fram mörg kort sem skýringarmyndir. Kortið hér að ofan sýnir m.a. stofnvegi, tengivegi, sporbrautarsamgöngu,

lagnaleiðir, flugvallarsvæði, ferðamannaleiðir og útivistarsvæði og fólkvanga.

Í yfirliti Ferðamálastofu *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014*²² má á eftirfarandi töflu sjá fjölda gistirýma 2012-2013 eftir landshlutum. Fjöldi gistnóttá er þó aðeins einn kvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðaþjónustunnar. Fram kemur á töflunni að hlutur Suðurnesja í heildarfjölda gistinóttá á landinu er vaxandi og var 4,2% árið 2013.

Mynd 6.3.1 Samfélag. Skýringarmynd frá Svæðisskipulagi Suðurnesja

Heimild: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024



Mynd 6.3.2 Fjöldi gistinóttá á hótélum og gistiheimilum 2012-2013

	2012		2013		Breyting milli ára 2012-13 (%)
	Fjöldi herbergja	%	Fjöldi herbergja	%	
Höfðuborgarsvæði	3.584	35,0	3.997	36,2	11,5
Suðurnes	391	3,8	465	4,2	18,9
Vesturland	771	7,5	768	7,0	-0,4
Vestfirðir	444	4,3	513	4,6	15,5
Norðurland vestra	505	4,9	536	4,9	6,1
Norðurland eystra	1.521	14,9	1.516	13,7	-0,3
Austurland	1.232	12,0	1.253	11,3	1,7
Suðurland	1.781	17,4	2.002	18,1	12,4
Samtals	10.229	100	11.050	100	8,0

²² http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdatjonusta_itolum_april14.pdf

7. Iðnaður

7.1 Landbúnaðarafurðir

Vísað er í kafla 7.1 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017* þar sem fjallað er um framleiðslu og neyslu á innlendum kjöt- og mjólkurafurðum. Gögn þar að lútandi eru ekki tiltæk fyrir hvern landshluta fyrir sig heldur lýsa þau einungis landinu sem heild.

7.2 Sjávarafurðir

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.3 Byggingariðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

7.4 Annar iðnaður

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

8 Frumvinnsla

8.1 Landbúnaður

Fjöldi bújarða og landnýting

Höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin er talin saman sem eitt svæði í landshlutagögnum Hagstofu Íslands um búfé og uppskeru. Því er ekki hægt að aðgreina gögnin milli þessara landssvæða í eftirfarandi tveimur undirköflum þar sem stuðst er við gögn Hagstofunnar. Umfjöllunin í þessum og næsta undirkafla á því við bæði hér, fyrir Suðurnesin, og fyrir höfuðborgarsvæðið.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 67 á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2010. Heildarflatarmál lands sem nýtt er undir landbúnað á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum er um 166 km², sem eru tæp 9% heildarflatarmáls svæðisins. Meðalstærð nýtt lands reiknast því til að vera tæpir 250 hektarar á bújörð.


Bróðurpartur nýtt landbúnaðarlands eru engi og úthagi, tæp 87%, sem nýtt eru til beitar. Tún og nýræktir eru rúm 12% og aðrir flokkar samanlagt minna en 1,3%, að mestu kornræktarland en skiptist að öðru leyti jafnt á milli gróðrarstöðva fyrir garðplöntur og græn fóður og annarra samanlagðra enn minni flokka.

Tafla 8.1.1 Hektarar nýtt landbúnaðarlands og fjöldi bújarða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum 2010

Fjöldi bújarða	67
Engi og úthagi	14.341
Tún alls	2.025
Græn fóður	17
Kornrækt	165
Annað land	30
alls	16.578
Meðalstærð nýtt lands bújarða	247

Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 8.1.2 Hlutfall landnýtingarflokka af nytjuðu landbúnaðarlandi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum á árinu 2010



Fjöldi búpenings

Eins og fjallað er um í kaflanum hér á undan eru Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið talin sem eitt og sama svæðið í gögnum þessa kafla þó annars sé sérstaklega fjallað um hvern landshluta, starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Þróun í fjölda búpenings frá 1998 til 2012 fyrir sjö tegundir má sjá á mynd 8.1.3. Þar er fjöldinn teiknaður upp sem prósentu af upphafs fjöldanum. Það sem vekur fyrst athygli er fækkun refs niður í nánast ekki neitt frá 1999. Í lok tímabilsins hefur fjöldi varphænsna vaxið um rúm 34%, fjöldi nautgripa um tæp 29%, og fjöldi hrossa hefur vaxið um tæp 16%. Fjöldi minka hefur staðið í stað, svínunum hefur fækkað um tæp 5% og sauðfé hefur fækkað um rúm 9%.



Tafla 8.1.4 Fjöldi búpenings á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum 1998 - 2012

	Nautgripir	Sauðfé	Hross	Varphænsni	Svín	Minkar	Refir
1998	978	5.376	7.772	120.697	1.486	2.501	58
1999	978	5.326	9.063	124.880	1.469	2.630	-
2000	1.025	4.860	8.775	137.050	1.832	3.100	-
2001	1.008	4.994	8.673	90.950	1.621	3.000	-
2002	928	4.848	9.028	117.544	1.616	3.100	-
2003	1.389	4.851	11.969	127.126	1.794	2.902	2
2004	1.264	4.736	8.880	120.196	1.636	2.542	2
2005	1.380	4.590	9.267	126.835	1.745	2.662	2
2006	1.470	4.395	9.273	120.281	1.835	3.102	2
2007	1.409	4.471	9.831	123.289	1.772	2.501	2
2008	1.310	4.423	9.335	132.905	1.964	2.502	2
2009	1.305	4.700	8.742	146.037	1.690	2.452	2
2010	1.386	4.687	8.902	136.744	1.424	2.552	2
2011	1.271	4.627	8.817	185.697	1.411	2.517	2
2012	1.260	4.889	8.978	161.924	1.416	2.501	2



Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum

Ekkert greiðslumark mjólkur var skráð á Suðurnesjum á árunum 2010 og 2013 en þrjú af fimm sveitarfélögum í þessum landshluta höfðu skráð greiðslumark sauðfjár. Hlutfall greiðslumarks sauðfjár á Suðurnesjum af greiðslumarki alls landsins árið 2013 var 0,05%. Greiðslumark mjólkur á Suðurnesjum stóð í stað á milli áranna 2010 og 2013 rétt eins og heildargreiðslumark sauðfjár fyrir landið allt.

Á Suðurnesjum var Grindavíkurbær með langmesta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár af greiðslumarki landshlutans árið 2013, 78%, þá Sandgerðisbær með 12% og loks Sveitarfélagið Vogar með 10% hlutdeild greiðslumarks sauðfjár.

Engin breyting varð á heildargreiðslumarki sauðfjár á Suðurnesjum milli 2010 og 2013. Hins vegar jókst greiðslumark sauðfjár um 56% í Grindavíkurbæ, lækkaði um 71% í Sandgerðisbæ en stóð óbreytt í Sveitarfélaginu Vogum. Segja má að greiðslumark sauðfjár hafi flust frá Sandgerðisbæ yfir til Grindavíkur milli árána 2010 og 2013.



Tafla 8.1.7 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Suðurnesjum 2010 og 2013


Númer	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2013	Breyting	2010	2013	Breyting
2000	Reykjanesbær	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
2300	Grindavíkurbær	0	0	0,00%	86,0	133,9	55,70%
2503	Sandgerðisbær	0	0	0,00%	67,6	19,7	-70,86%
2504	Sveitarfélagið Garður	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
2506	Sveitarfélagið Vogar	0	0	0,00%	17,7	17,7	0,00%
Suðurnes		0	0	0,00%	171,3	171,3	0,00%

Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun


8.2 Fiskveiðar

Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum má sjá að aflí tegunda annarra en uppsjávartegunda skiptist í meginatriðum í þrjá hluta eftir verkunarstað. Nokkur hluti aflans kemur verkaður á land úr vinnsluskipum og álíka mikið magn fer til verkunar utan heimahafnar sem gæti þó verið í höfnum innan landshlutans. Stærsti hlutinn er þó verkaður í heimahöfn, eða 45%. Sjá mynd 8.2.1. Verkun á uppsjávarafla skipa skráðra á Suðurnesjum var, eins og sést á mynd 8.2.2, hætt á árinu 2006. Á síðustu árum hefur verið landað af vinnsluskipum skráðum í landshlutanum og einnig hefur verið frystur makrill á fleiri en einum stað, mest í Garðinum eða tæp 800 tonn á árinu 2012.

Mynd 8.2.1 Suðurnes - verkunarstaður afla skráðra skipa (t) (án uppsjávartegunda)



Mynd 8.2.2 Suðurnes - verkunarstaður uppsjávarafla skráðra skipa (t)




Á mynd 8.2.3 má sjá að verkun aflattegunda annarra en uppsjávartegunda hefur verið tiltölulega jöfn á síðustu tíu árum, þó var svolítill samdráttur á árinu 2011 og þá einkum í stærstu verkunarstöðinni, Grindavík. Þar eru verkuð um 20.000 tonn. Verkun uppsjávartegunda hefur sveiflast mun meira og fer vaxandi eftir lægð árin 2009–2010.


Með samanburði á myndum 8.2.4 og 8.2.8 sést að megnið af þessum uppsjávarafla kemur af skipum sem ekki eru skráð á Suðurnesjum.

Makrílafli hefur farið vaxandi síðustu þrjú ár, einkum á skipum úr Garði og Grindavík. Einnig hafa smærri skip frá Sandgerði veitt makríl eins og sjá má á mynd 8.2.5 og 8.2.6.


Mynd 8.2.3 Afli eftir verkunarstöðum, annar en afli uppsjávartegunda (t)






Mynd 8.2.4 Afli uppsjávartegunda eftir verkunarstöðum (t)





Mynd 8.2.5 Makrílafli eftir heimahöfn skipa (kg) (allir útgerðarflokkar)



Grindavík er langstærsta verstöðin á Suðurnesjum, með heildarafla tegunda annarra en uppsjávarfisks um tæp 40.000 tonn af heildarafla Suðurnesjaskipa upp á tæp 67.600 tonn eins og sýnt er á mynd 8.2.7. Garður er næststærsta verstöðin með tæp 17.500 tonn. Uppsjávarveiðar skipa af Suðurnesjum eru sem fyrr segir fremur takmarkaðar um þessar mundir eins og sést á mynd 8.2.8.





Ef horft er sérstaklega á afla þorsks, ýsu, ufsa og karfa, myndir 8.2.9 og 8.2.10, kemur fram svipuð mynd og varðandi afla allra tegunda annarra en uppsjávarfisks, magnið minnkar aðeins eins og vænta má, þ.e.a.s að afli þessara fjögurra tegunda er um 53.000 tonn og um 14.500 tonn aflans eru aðrar tegundir en þessar fjórar. Þorskaflí skipa skráðra á Suðurnesjum var um 32.500 tonn og enn sker Grindavík sig úr sem stærsta verstöðin. Garður er sem fyrr næst stærsta verstöðin og þar er athyglisvert að sveiflur á milli ára eru litlar en veiðar vaxa hægt og sígandi.




Strandveiðar

Á myndum 8.2.11 og 8.2.12 má sjá að tiltölulega margir bátar skráðir á Suðurnesjum stunda strandveiðar en jafnframt að afli þeirra er tiltölulega lítill í samanburði við afla báta sem eru á aflamarki eða krókaafamarki. Þetta er í samræmi við þær miklu takmarkanir sem gilda um sókn og hámarksafli á dag hjá strandveiðibátum.






Á myndum 8.2.13 og 8.2.14 má sjá að afli strandveiðibáta berst nær allur að landi í tveimur höfnum, Sandgerði og Grindavík. Raunar sést einnig að aflinn sem berst að landi í þessum höfnum er meiri en samanlagður afli allra strandveiðibáta í landshlutanum þannig að bátar úr öðrum landshlutum landa þar að einhverju leyti.



Úthlutaðar aflaheimildir



Myndir 8.2.15 og 8.2.16 sýna annars vegar úthlutun í þorski með sérstakri úthlutun (skelbótum o.fl.) og hins vegar úthlutun í ÞÍG með jöfnun (þ.m.t. bótum). Athugið þó að á fiskveiðiarunum 2012/2013 og 2013/2014 er jöfnun ekki með, einungis bætur. Ártal á við seinni hluta kvótaársins.



Úthlutun aflaheimilda í þorski til skráðra skipa á Suðurnesjum er um 15% af heildarúthlutun í þorski um þessar mundir, sjá mynd 8.2.15. Hlutur Suðurnesja hafði vaxið mjög frá árinu 1991 til 2009 og var þá orðinn yfir 18%, en hefur minnkað síðan. Úthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári er rúm 25.000 tonn og er áberandi hversu stór hluti er skráður á skip í Grindavík. Úthlutun til skipa í Garðinum vex einnig jafnt en aðrir staðir eru með minni heimildir.

Á mynd 8.2.16 má sjá að um úthlutun í þorskígildum má segja svipaða sögu og um þorskinn.

Nánast engar heimildir í loðnu, íslenskri sumar-gotssíld, kolmunna né norsk-íslenskri síld eru á skip skráð á Suðurnesjum á fiskveiðiárinu 2013-2014, né heldur næstu ár á undan og því er ekki fjallað frekar um þær tegundir hér.



8.3 Fiskeldi

Sjö fiskeldisstöðvar eru skráðar á Reykjanesi, þrjár í Vogum á Vatnsleysuströnd, tvær í Grindavík,- og tvær í Reykjanesbæ. Íslandsbleikja rekur tvær stöðvar, aðra í Reykjanesbæ og hina í Vogavík í Vogum. Í þeim er alin bleikja frá klaki til slátrunar, samtals 2.100 tonn. Stofnfiskur rekur eina klakstöð í Reykjanesbæ

Mynd 8.3.1 Fiskeldisstöðvar á Suðurnesjum 2014

staður	eldisfiskur	gerð	stærð, tonn
Húsatóftum, Grindavík	bleikja og regnbogasilungur	seiðastöð og klakstöð	< 5
Stakksfjörður, Vogum	kræklingur		20
Staður, Grindavík	bleikja	seiðastöð og strandeldi	1.000
Stóra-Vatnsleysa, Vogum	bleikja	strandeldi	1.100
Kalmannstjörn, Höfnum	lax	klakstöð	300
Vogavík, Vogum	lax	klakstöð	300
Við Litlu-Sandvík á Reykjanesi	senegalflúra	seiðastöð og strandeldi	40
Staður, Grindavík	þorskur og sandhverfa	klakstöð	< 5

Heimild: Mast

og aðra í Vogum. Í Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar í Grindavík eru stundaðar kynbætur á þorski auk annars tilraunaeldis. Ný stöð, Stolt Seafarm Iceland, hóf eldi á Senegalflúru, sunnarlega á Reykjanesi, í ágúst 2013 og stefnir í mikla framleiðslu. Lítil stöð í Vogum stundar kræklingaeldi. Heildarframleiðsla er innan við 3.000 tonn.

Fjöldi starfsmanna við fiskeldi á Reykjanesi er um 55 auk afleiddra starfa.

9 Stoðkerfi

9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Hér er umfjöllun um stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar takmörkuð við stuðning ríkisins við byggða- og atvinnuþróun. Sérstaklega er þó fjallað um vaxtar- og menningarsamninga í kafla 10. Ekki er fjallað um beinan stuðning við atvinnugreinar með eða án aðildar ríkisvaldsins.

Samningur um atvinnu og byggðapróun

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga og átta atvinnuþróunarfélög, þar af tvö á Norðurlandi eystra, sem í flestum tilvikum eru nátengd landshlutasamtökunum, hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutavísu. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa gert samning og framlengt hann um árabil með fjármagni sem veitt er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum²³, fyrir hönd sveitarfélaganna átta sem aðild eiga að sambandinu, hefur gildistíma frá 2013 til ársloka 2017. Í honum er samband sveitarfélaganna nefnt *félagið* og þar segir í 1. gr. „Forsendur samningsins eru lög um Byggðastofnun nr.106/1999 og reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000, Sóknaráætlun Suðurnesja og stefnumótandi byggðaáætlun.“ Hlutverk sambands sveitarfélaga er samkvæmt þessu að samþætta áætlanir ríkis og landshlutans eins og fram kemur í 2. gr., um markmið samningsins, sem eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun Suðurnesja.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Í 3. grein samningsins er skilgreining á hlutverki Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í stoðkerfinu, að það vinni m.a. að eftirtöldum verkþáttum:

- a) *Atvinnu- og byggðapróun*
- b) *Atvinnuráðgjöf*
- c) *Nýsköpun*
- d) *Búsetuþáttum*
- e) *Upplýsingaöflun*
- f) *Endurmenntun, samstarf o.fl.*

Í 6. gr. samningsins er lýst eftirfylgni og segir þar m.a.: „Félagið skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert skila Byggðastofnun ársreikningi fyrir næstliðið ár, skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári og starfsáætlun fyrir nýhafið ár.

Í starfsáætlun skal samþætta áherslur félagsins við forsendur og markmið samnings þessa sem fram koma í 1. og 2.gr. Í áætluninni skal gerð grein fyrir helstu markmiðum og áherslum á árinu, með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, starfsmannahaldi og ráðstöfun fjármuna sem til starfseminnar renna (fjárhagsáætlun). Í starfsáætlun skal félagið einnig setja fram almenn árangursmarkmið.“

²³ Samningur um atvinnu og byggðapróun. Byggðastofnun.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum rekur Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Hekluna, sem eina deild sem annast framkvæmd samnings um atvinnu- og byggðaðróun eins og fram kemur á heimasíðu félagsins.²⁴ Þar segir m.a.: „Heklan, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, var formlega sett á laggirnar 27. apríl 2011 og leggja lðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun því til 20 mkr. á ári. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum aflar mótframlaga og sér að öðru leyti um fjármögnun starfseminnar eins og tíðkast í atvinnuþróunarfélögum annarra landshluta... Ætlunin er að félagið verði fyrsti viðkomustaður þeirra sem til stoðkerfisins leita og vísa aðilum þangað sem aðstoð er að fá í hverju tilviki.

Heklan rekur frumkvöðlasetrið Eldey á Ásbrú. Markaðsstofa Reykjaness og verkefnið Reykjanes jarðvangur heyra undir starfsemi Heklunnar. Heklan sér jafnframt um rekstur vaxtarsamnings á Suðurnesjum og menningarsamnings Suðurnesja.“

Heklan skilar Byggðastofnun árlega sundurliðuðum ársreikningum og starfsáætlun fyrir hvert ár. Samkvæmt samninginum um atvinnu- og byggðaðróun fékk SSS til ráðstöfunar um 20,6 milljónir króna á ári starfsárin 2012 og 2013.²⁵ Þessir fjármunir nýtast aðallega til reksturs starfseminnar.

9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra

Við mótun Ísland 2020 stefnuskjalsins setti Forsætisráðuneytið fram tillögu um einföldun, fækkun og samþættingu lögbundinna stefna og áætlana²⁶ þannig að unnar yrðu heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta. Markmiðið með tillögunni var að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Tillögunum fylgdi eftirfarandi skrá yfir lögbundnar stefnur og áætlanir til samþættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflytjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

²⁴ <http://heklan.is>

²⁵ Byggðastofnun. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna 2012 og 2013.

²⁶ <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555>

9.3 Sóknaráætlun Suðurnesja

Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Suðurnesja 2013 var undirritaður af fjármálaráðherra og formanni Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum 22. mars 2013.²⁷ Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni kr. 45,3 milljónir af fjárlagalið 09-992 á árinu 2013. Fjármunir til Sóknaráætlunar Suðurnesja voru ákveðnir samkvæmt reiknireglu Stýrinets stjórnarráðsins 2013.²⁸ Til viðbótar þessari fjárhæð koma mótframlög af Suðurnesjum, samtals kr. 18,3 milljónir.

Af hálfu stýrinets stjórnarráðsins um sóknaráætlanir²⁹ var lögð áhersla á þrjá efnisflokka³⁰ fyrir sóknaráætlanir landshlutanna 2013:

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

Í samningi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eru tilgreind 14 verkefni í þessum áhersluflokkum til útfærslu³¹:

1. *Rannsókn og greining á áhrifum stóriðju.* Að fyrir liggi greinargóð þekking á hugsanlegum áhrifum stóriðju á samfélagið á Suðurnesjum.
2. *Efling fullvinnslu á sjávarfangi.* Að koma á klasasamstarfi um frekari fullvinnslu í sjávarútvegi með fulltrúum sjávarútvegs, sveitarfélaga og ríkisvalds.
3. *Styrking flugvallarins og flugtengdrar starfsemi.* Að koma á klasasamstarfi aðila sem tengjast starfsemi á flugvælinum og samstarf um nám í flug- og ferðatengdri þjónustu.
4. *Heilsutengd þjónusta.* Að greina tækifæri í markaðssetningu heilsutengdrar ferðaþjónustu og að fyrir liggi greinargóð þekking á þeim.
5. *Starfsgreinakynning fyrir nemendur í 9.-10. bekk.* Að minnka brottfall úr skóla með því að kynna ólíkar starfsgreinar í öllum 9. og 10. bekkjum.
6. *Greining tækifæra í fjarnámskennslu á háskólastigi.* Að fyrir liggi upplýsingar um tækifæri í fjarnámskennslu á háskólastigi á Suðurnesjum.
7. *Samstarfsvettvangur námsráðgjafa í grunnskólum.* Að efla námsráðgjöf á Suðurnesjum og minnka brottfall úr framhaldsskóla.
8. *Efling skapandi smiðja fyrir ungt fólk.* Að koma á samstarfsvettvangi þeirra sem eru að vinna við skapandi smiðjur á Suðurnesjum. Markhópurinn ungt fólk sem finnur sig ekki í hefðbundnu námi til að minnka brottfall.
9. *Skilgreining menntastofnana.* Að fyrir liggi greinargóð þekking á stöðu menntastofnana á Suðurnesjum og tækifærum til samstarfs og eflingar menntunar.
10. *Efling tónlistahefðar á Suðurnesjum.* Að markaðssetja tónlistar og tónlistahefð á Suðurnesjum.
11. *Sameining, samstarf í stjórnsýslu.* Að greina mögulegt hagræði af sameiningu/samstarfi stjórnsýslueininga (sveitarfélaga, stofnana) á Suðurnesjum.
12. *Bætt ímynd og efling sjálfsmyndar.* Að bæta ímynd Suðurnesja og efla sjálfsmynd Suðurnesjamanna. Skipað verður fagræð og verkefnisstjóri ráðinn.
13. *Efla vitund um umhverfis- og vottunarmál.* Að efla vitund um sjálfbæra þróun, umhverfis- og vottunarmál meðal sveitarstjórna, fyrirtækja og stofnana á Suðurnesjum.
14. *Upplýsingamiðlun til ferðamanna.* Að gera upplýsingar um viðburði sem eiga erindi til ferðamanna á Suðurnesjum aðgengilega á íslensku og ensku.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um sóknaráætlun voru 40% samningsupphæðar hans greidd við undirritun og önnur 40% í kjölfar funda um framvindu allra verkefna og mat á þeim sem stýrinet stjórnarráðsins gekkst fyrir þann 24. og 25. september 2013 með fulltrúum hvarrar sóknaráætlunar. Lokagreiðsla, 20%, mun verða greidd í kjölfar staðfestingar stýrinetsins til Fjármála- og

²⁷ http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur_samband-sveitarfelaga-a-sudurnesjum_22.mars_2013.pdf

²⁸ <http://www.stjornarrad.is/media/rikisstjorn/skipting-framlaga.pdf>

²⁹ <http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraetlanir-landshlutanna/abyrgd-og-hlutverk-styrinetsins/>

³⁰ Skapalón fyrir sóknaráætlun landshluta. Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir, 30.10.2012. Byggðastofnun.

³¹ http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit_220313.pdf

efnahagsráðuneytisins á að landshlutasamtökin hafi staðið við skilyrði samningsins og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri fyrir 1. september 2014. Forsenda fyrir lokagreiðslu er að landshlutasamtökin hafi uppfyllt skilyrði fjárveitingarinnar og samningsins.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hafði samþykkt Sóknaráætlun Suðurnesja á fundi 20. febrúar 2013.³² Í áætluninni³³ er sett fram framtíðarsýn til ársins 2020: „Framtíðarsýn.. að árið 2020 standi Suðurnes jafnfætis sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu í samkeppninni um fólk og fyrirtæki“ og markmið: „að Suðurnesin verði árið 2020 aflvaki hagvaxtar, velferðar og blómlegs mannlífs, Íslandi öllu til heilla.“

Í lokaorðum í Sóknaráætlun Suðurnesja segir: „Suðurnes búa yfir miklum tækifærum, en standa jafnframt frammi fyrir erfiðum áskorunum í þeim málaflokkum sem eru til umfjöllunar í sóknaráætlun þessari. Þar er stærsta verkefnið að vinna bug á atvinnuleysinu á Suðurnesjum, sem er vel yfir landsmeðaltali. Annað stórt verkefni er efling menntunar á svæðinu og fjölgun starfa fyrir vel menntað fólk, svo það kjósi Suðurnesin sem búsetukost og flytjist ekki á brott þegar það hefur aflað sér menntunar.

Ljóst er að átak þarf að gera í atvinnumálum á svæðinu. Þar er horft til þeirra stóru tækifæra sem búa á svæðinu og þess sem helst er á teikniborðinu í dag, eins og álver í Helguvík, frekari fullvinnsla á sjávarfangi, efling starfseminnar í tengslum við Keflavíkurflugvöll og uppbyggingu heilsutengdrar þjónustu, svo helstu áhersluatriði þessarar sóknaráætlunar séu nefnd.

Í öðru lagi þarf að ráðast í eflingu menntunar á svæðinu. Einnig þarf að vinna að bættari ímynd svæðisins, skilgreina betur verkefni þeirra stofnana sem fyrir eru á svæðinu, byggja undir hina sterku tónlistarhefð sem er á Suðurnesjum og efla menningartengda starfsemi og fræðslu í tengslum við sjó og sjósókn á Reykjanesi.

Í þriðja lagi þarf að auka samstöðu og samvinnu í markaðsmálum á svæðinu. Það þarf að byggja jafnt og þétt upp orðspor Suðurnesja sem áhugaverðs búsetukosts og staðsetningar fyrirtækja. Það þarf að efla vitund um umhverfis- og vottunarmál á svæðinu og efla sjálfsmynd Suðurnesjamanna, auk þess að gera átak í betri miðlun upplýsinga til ferðamanna.

Þetta eru þau verkefni sem sveitarstjórnarfólk og hagsmunaaðilar eru sammála um að þurfi að setja í forgang á næstu árum og jafnframt þau sem vonast er til að ná samvinnu og samstöðu um í samskiptum við ríkisvaldið og aðra þá aðila sem að málum þurfa að koma.“

Í Sóknaráætlun Suðurnesja er sett fram svót-greining fyrir tillöguviðin þrjú sem stýrinet stjórnarráðsins setti fram fyrir sóknaráætlanir landshluta, atvinnumál og nýsköpun, menningar- og menntamál og markaðsmál. Á hverju hinna þriggja tillöguviða eru settar fram aðgerðatillögur fyrir styrkhæfar umsóknir úr sjóði sóknaráætlana og gerð grein fyrir kostnaði og fjárframlögum. Áætlað fjármagn til hvers tillöguviðs verði 27,5 milljónir króna í verkefni tengd atvinnumálum og nýsköpun, 15,3 milljónir í menningar- og menntamál og 20,8 milljónir í markaðs- og ímyndarmál.

³² <http://sss.is/fundur/fundargerdir/653-fundur-sss-20-februar-2013>

³³ <http://stjornarrad.is/media/sl/Soknaraetlun-Sudurnesja---lokaeintak-8-mars-2013.pdf>

Atvinnumál og nýsköpun:	
Styrkleikar	Veikleikar
Mannauður og menning	Veik ímynd
Sterkir innviðir og alþjóðaflugvöllur	Lágt menntunarstig og félagsleg vandamál
Auðlindir	Atvinnuleysi
Staðsetning stutt frá höfuðborg	Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið
Skilvirk stjórnsýsla	Hrepparígur
Styrkar stoðir í atvinnulífi	
Ógnanir	Tækifæri
Náttúruhamfarir	Sjálfbær nýting auðlinda
Ofnýting auðlinda	Auðlindagráður
Óvissa í stjórnmálum	Efling menntunar og rannsókna
Erfitt efnahagsástand	Bættar samgöngur
Svört atvinnustarfsemi	Nýting Ásbrúar
	Nýsköpun í atvinnulífi
	Flugvöllurinn
	Staðsetning
	Aukin samvinna sveitarfélaga
Menningar- og menntamál	
Styrkleikar	Veikleikar
Menning Suðurnesja	Skortur á fjármagni
Þekktir og rótgrónir viðburðir	Rótleysi
Góðir innviðir og öflugar stofnanir	Skortur á að sjá tækifærin í menningunni
	Nálægð við höfuðborgarsvæðið
	Skortur á sjálfbærliðum í íþróttastarfi
	Veik sjálfsmynd
	Vantar þekkingu t.d. í tengslum við kvikmyndaverið
	Vantar kaffihús
Ógnanir	Tækifæri
Samkeppni við höfuðborgarsvæðið	Efla þá viðburði sem fyrir eru
Áhugalessi	Staðsetning og náttúra
Fjárskortur	Menning Suðurnesja
Gríðarlegt framboð á afþreyingu/samkeppni	Hlú að stofnunum og innviðum
Markaðsmál	
Styrkleikar	Veikleikar
Staðsetning – hliðið að landinu	Veik ímynd
Tónlistarmenning og íþróttahéð	Er bara stoppistöð
Einstök náttúra	Nafnaruglingur
Jákvæð skírskotun til atvinnulífs	Hrepparígur
Þekkt vörumerki á Suðurnesjum	Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun
Markaðsstofa	
Flugvöllurinn	
Jákvæð ímynd	
Ógnanir	Tækifæri
Efnahagsástandið	Vinna betur saman
Samkeppni sveitarfélaga á svæðinu	Greina betur markhópa
Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið, Suðurland og önnur svæði	Markaðsstefna til lengri tíma
Pólitík og óvissa í kringum hana	

9.4 Þekkingarsetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla og nokkur þekkingarsetur.³⁴ Auk þess starfrækir Háskóli Íslands rannsóknasetur á nokkrum stöðum á landinu. Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta og skrá yfir þau er í kafla 2.3.

9.5 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

Svæðisskipulag hefur verið staðfest fyrir tvo af átta landshlutum, Suðurnes og höfuðborgarsvæðið, þar sem samvinna sveitarfélaga um svæðisskipulag á langa sögu.

Í samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja áttu sæti fulltrúar allra 5 sveitarfélaga á Suðurnesjum og nefndin samþykkti þ. 12. 11. 2012 Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024.³⁵ Svæðisskipulagið var staðfest af Skipulagsstofnun 18. febrúar 2013 og auglýsing um gildistöku þess birtist í B-deild Stjórnartíðinda 4. mars 2013.³⁶ Í svæðisskipulaginu er lýst leiðarljósi, markmiðum og aðgerðatillögum fyrir eftirtalin fimm megin svið:

- Atvinna
- Auðlindir
- Veitur og samgöngur
- Flugvallarsvæðið
- Samfélag

Hér á eftir fylgir lýsing á leiðarljós og markmiðum hvers megin sviðs.

Atvinna

Leiðarljós

Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna. Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði og samkeppnishæfni þess styrkt með áherslu á sterka innviði og gott aðgengi að auðlindum ásamt virkjun atvinnumöguleika sem tengjast alþjóðlegum flugvelli, umferð um þetta helsta hlið landsins að umheiminum og sjávarútvegi.

Markmið / Áherslur

- Samvinna og samstarf sveitarfélaganna verði eft til aukinnar uppbyggingar í atvinnumálum.
- Áhersla á þróun atvinnusvæða þar sem samlegðaráhrif aðgengis að auðlindum og öflugra innviða, s.s. alþjóðaflugvallar, hafna og vegasamgangna, eru nýtt til atvinnuuppbyggingar.
- Auka þjónustu við ferðamenn og sérstaða svæðisins nýtt til uppbyggingar ferðaþjónustu.
- Tryggja afkastagetu innviða fyrir atvinnusvæði, þ.e. flutningskerfi orku, vatns og fráveitu, samgöngur, og sérhæft vinnuafli.
- Núverandi atvinnugreinar verði eflar og hlúð sérstaklega að nýsköpun, rannsóknarstarfi og menntun innan þeirra.
- Fjölbreytt menntun og rannsóknir skipi verðugan sess sem mikilvægur þáttur í þróun nýrra atvinnugreina á Suðurnesjum.

Auðlindir

Leiðarljós

Helstu náttúruauðlindir Suðurnesja eru grunnvatn, jarðhiti, einstakar jarðmyndanir, kaldur, hreinn sjór og fiskimið. Stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum

³⁴ <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/haskola---og-visindamal/>

³⁵ <http://www.reykjanesbaer.is/thjonusta/umhverfi-og-skipulag/honnun-og-skipulag/svaedisskipulag-sudurnesja/>

³⁶ Heimild: Skipulagsstofnun, Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir. Mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðapróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu.

Markmið / Áherslur

- Háhitasvæði á Suðurnesjum verði flokkuð með tilliti til orkuöflunar og verndunar.
- Orka frá jarðhitasvæðum á Suðurnesjum og virkjunum landsins verði nýtt í þágu fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar.
- Auka verðmætasköpun atvinnugreina s.s. í sjávarútvegi, flutningastarfsemi, fjölnýtingu jarðvarma og ferðapjónustu.
- Endurskoða afmörkun vatnsverndarsvæða. Við endurskoðun vatnsverndarsvæða verði horft til samspils náttúru, nýtingar, vatnsöryggis og fyrirhugaðra atvinnusvæða.
- Tryggt sé nægt neysluvatn og öruggt aðgengi að því á Suðurnesjum.
- Skilgreina sameiginleg tækifæri sem tengjast jarðvísindum, jarðsögu og menningarminjum.
- Áhugaverð svæði, staðbundið og á heimsvísu, verði kortlögð.
- Unnið verði að skilgreiningu jarðvangs (e. *geopark*) á Reykjanesskaga.

Veitur og samgöngur

Leiðarljós

Flutningskerfi raforku og annarra þjónustukerfa á Suðurnesjum verði samræmt með áherslu á hagkvæmni, þjónustugæði og afhendingaröryggi. Tryggt verði öruggt aðgengi að neysluvatni á Suðurnesjum. Sú sérstaða og þau samlegðaráhrif sem felast í staðsetningu alþjóðlegs flugvallar, hafna, stofnbrauta og höfuðborgarsvæðisins verði styrkt með því að tryggja eins góðar samgöngur og völ er á. Öryggi, greiðfærni og fjölbreytni í samgöngum og ferðamáta verði höfð að leiðarljósi. Vistvænar samgöngur fái aukið vægi og verði raunhæfur kostur á milli sveitarfélaganna og til höfuðborgarsvæðisins.

Markmið / Áherslur

- Samnýta flutningsleiðir mismunandi þjónustukerfa eins og kostur er og að tekið verði tillit til umhverfisins við afmörkun flutningaleiða.
- Fyrirkomulag fráveitumála verði skoðað heildstætt á Suðurnesjum og leitast við að samræma áætlanir vegna atvinnusvæða og starfsemi á orkuvinnslusvæðum.
- Þjónustukerfi miði að því að tryggja afhendingaröryggi og gæði.
- Uppbygging veitukerfa og orkuvinnslusvæða taki mið af jarðfræðilegri sérstöðu, verndarsvæðum og útivistarsvæðum.
- Fjölpættar samgöngur á svæðinu verði eflar.
- Umferðartengsl verði styrkt við fyrirhuguð atvinnusvæði við Keflavíkurflugvöll.
- Stuðlað verði að skilvirku og öruggu samgöngukerfi með greiðum ferðum milli íbúðar- og atvinnusvæða.
- Almenningsamgöngur verði bættar á svæðinu.
- Net göngu-, hjólréiða- og reiðstíga verði styrkt og samtengt.
- Sporbrautarkerfi frá Keflavíkurflugvelli til höfuðborgarsvæðisins.
- Samstarf hafna í sveitarfélögunum verði aukið.

Flugvallarsvæðið

Leiðarljós

Keflavíkflugvöllur, sem er helsta hlið landsins að umheiminum, og öryggis- og varnarsvæði verða áfram ein af grunnstoðum atvinnulífs á Suðurnesjum. Tekið verði ríkt tillit til flugvallarins og tryggt að hann fái nægt rými til þróunar í framtíðinni. Tekið verði mið af þeim takmörkunum, sem tilheyra alþjóðlegum flugvelli, og þær verði samræmdar með hagsmuni flugvallarins og Suðurnesja í heild að leiðarljósi. Sama á við um takmarkanir sem snúa að öryggis- og varnarsvæðum.

Markmið / Áherslur

- Flugvellinum verði tryggt nægt landrými fyrir flugbrautir og þróun atvinnusvæða.
- Sveitarfélög á Suðurnesjum og Keflavíkflugvöllur vinni í sameiningu að uppbyggingu flugvallarins og þróun atvinnusvæða í nágrenni hans.
- Stækkun flugvallarins taki mið af hagkvæmri uppbyggingu atvinnusvæða, fjölbreyttum tækifærum og fjölgun farþega og flugumferðar um völinn.
- Horft verði til möguleika á innanlandsflugi.
- Áhersla er á öflugar samgöngutengingar milli flugvallarsvæðis, sveitarfélaga á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðisins.
- Unnið verði að skilgreiningu hindrunarsvæða flugumferðar og takmarkana vegna öryggis og varnarsvæða.

Samfélag

Leiðarljós

Sköpuð verði skilyrði fyrir aukin lífsgæði og auðugt mannlíf á Suðurnesjum með enn fjölbreyttari og sérhæfðari samfélagsþjónustu, sem kallar á það bakland sem felst í samlegðaráhrifum íbúafjölda allra sveitarfélaganna. Margbreytilegum útivistarmöguleikum verði gert hátt undir höfði með góðu aðgengi og fjölbreyttu framboði og þannig stuðlað að heilbrigðum lífsháttum og þekkingu á nánasta umhverfi. Þau sóknarfæri sem felast í mannauði og nánd við alþjóðlegan flugvöll, haf og jarðhita verði nýtt enn frekar og styrki þannig stöðir margvíslegra atvinnutækifæra, búsetu-, menntunar- og menningarframboðs. Þá verði aukin samtenging atvinnuvega, menningarstarfsemi og ferðaþjónustu. Tryggðar verði viðeigandi varnir við hugsanlegum náttúruhamförum vegna flóða, gos- og jarðskjálftahættu.

Markmið / Áherslur

- Efling þeirrar sameiginlegu þjónustu sem er fyrir hendi, s.s. á heilbrigðissviði, efri skólastig, almannavarnir og sorpförgun.
- Öflug nærþjónusta í hverju sveitarfélagi, s.s. heilsugæsla, löggæsla og þjónusta við aldraða og fatlaða.
- Búið í haginn fyrir félagslegan fjölbreytileika, almenna menningarstarfsemi og tækifæri fyrir alla aldurshópa.
- Efling skólustarfsemi á efri stigum, þ.e. framhaldsskólar og háskóli.
- Ábyrg nýting og gott aðgengi að útivistarsvæðum til afþreyingar, fræðslu og ferðamennsku.
- Mörkuð sameiginleg stefna um skógrækt.
- Mörkuð sameiginleg stefna um skilgreind útivistarsvæði s.s. fyrir akstursíþróttir.
- Merking og markaðssetning „ferðamannavega/útivistarvega“ og mikilvægra áningastaða.
- Bætt aðgengi að minjum um búsetu og atvinnulíf ásamt byggingu nýrra safna og heilsulinda til eflingar ferðaþjónustu.
- Unnið að stofnun jarðvangs á Suðurnesjum.
- Lokið við viðbragðsáætlun sem byggir á áhættumati vegna náttúruvárs.

10 Verkefna- og menningarsamningar

10.1 Vaxtarsamningur

Vaxtarsamningur Suðurnesja 2010-2013 milli Iðnaðarráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum var undirritaður í febrúar 2010³⁷. Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífs á Suðurnesjum og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Leiðir að þessu markmiði eru tilgreindar í samninginum:

- 1 Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- 2 Þróa og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- 3 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð af vörum og þjónustu.
- 4 Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
- 5 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- 6 Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Í samninginum er lögð áhersla á uppbyggingu klasa og framgang rannsókna á sviði flugs og öryggis, heilsu, tækni og orku, sjávarútvegs og matvæla. Þá er tekið fram að áherslur og markmið geti breyst vegna stefnumótunar og samþættingar á grundvelli sóknaráætlunar 2020.

Frá árinu 2010 til 2013 hefur SSS veitt styrki til 60 verkefna samkvæmt vaxtarsamninginum. Skrá yfir þau er að finna í viðauka 1.

10. grein vaxtarsamningsins er um árangursmat og endurskoðun. Þar segir m.a.: „Mælikvarðar sem fylgja samningi þessum verða notaðir til þess að fara yfir árangur hvers verkefnis um sig og samningsins í heild sinni, sjá nánar í viðauka 3. Komi í ljós að ekki tekst að vinna eftir markmiði og leiðum samningsins skulu aðilar þegar taka upp viðræður um hvernig úr skuli bætt eða samninginum breytt.“

Í viðauka 3 í vaxtarsamninginum segir: Lagt er til að verkefnisstjórn taki mið af neðangreindum þáttum við mat umsókna til vaxtarsamnings. Hvert verkefni verður metið út frá viðmiðunum eins og kostur er í hverju tilfalli. Árangur sérhvers verkefnis sem vaxtarsamningur hefur stutt verður metinn og mun matið framkvæmt með tilliti til framvindu samkvæmt upphaflegri verkáætlun og væntum árangri.“ Í viðaukanum eru tilgreind 13 viðmið fyrir mat á umsóknum og 2 fyrir árangursmat að loknu verkefni.

10.2 Menningarsamningur

Menningarsamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir hönd sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum var undirritaður í apríl 2011 með gildistíma til ársloka 2013.³⁸ Samningurinn er um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu í þeim tilgangi að beina í einn farveg styrkveitingum ríkisins til þess að efla slíka starfsemi í landshlutanum og gera hana sem sýnilegasta. Markmiðin eru fjögur:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

³⁷ <http://vaxtarsamningur.sss.is/Upplýsingar/>

³⁸ <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5960>

Með samninginum er sveitarfélögum á Suðurnesjum gert að standa að Menningarráði Suðurnesja í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna og kveðið á um að hlutverk ráðsins sé meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Suðurnesjum og standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun sem meðal annars styðji við menningartengda ferðapjónustu. Þá er menningarráðinu gert að setja fram stefnu og áætlun um hvernig það hyggst starfa að markmiðum samningsins, að úthluta styrkjum til menningarverkefna á Suðurnesjum samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir og að hafa eftirlit með framkvæmd styrktra verkefna.

Stefna menningarráðsins byggir á tillögum starfshóps sem voru settar voru fram í skýrslu í apríl 2007, *Stefna í menningarmálum á Suðurnesjum*.³⁹ Í skýrslunni er sett upp framtíðarsýn og stefna í þremur liðum:

- I. Að á Suðurnesjum verði öflugt og fjölbreytt menningarlíf sem mæti þörfum íbúa um menningarlega afþreyingu, auki lífsgæði þeirra og efla félagsauð.
- II. Að á Suðurnesjum verði menningartengd ferðapjónusta spennandi valkostur fyrir ferðafólk sem mæti þörfum þeirra um útivist, náttúruskoðun, sögu, listir og aðra menningu sem tengist svæðinu.
- III. Að Suðurnes verði þekkt fyrir blómlegt menningarlíf og aðra afþreyingu sem ákjósanlegt sé að heimsækja og njóta.

Þá er markmiðum og leiðum lýst í skýrslunni í allmörgum liðum.

Framlög til samningsins á ári eru alls 32,3 milljónir króna og kostnaðarskiptingin þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiðir 53,9%, iðnaðarráðuneytið 17,6% og sveitarfélögin á Suðurnesjum 28,5%.

Menningarráð Suðurnesja hefur úthlutað 105 styrkjum samkvæmt menningarsamninginum og stefnu sinni frá 2011-2013.⁴⁰ Skrá yfir styrkt verkefni er að finna í viðauka 2.

Í matsskýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2011-2013*⁴¹, kemur fram að „Gildandi stefna Menningarráðs Suðurnesja er í raun úthlutunarreglur sem unnar voru af fyrstu stjórn Menningarráðs Suðurnesja og voru þær unnar með hliðsjón af Menningarstefnu Suðurnesja og menningarsamningsins.“ Þá kemur fram að ánægja er meðal Suðurnesjamanna með samninginn en líka m.a.: „Blæbrigðamunur er á framkvæmd samninganna eftir svæðum, t.d. á Suðurnesjum hefur verið farin sú leið að styðjast ekki við það líkan sem menningarráðin hafa farið á hinum svæðunum sex þar sem menningarfulltrúi er í allt að fullu starfi.“ Þá segir: „Árangur Suðurnesja er rétt undir æskilegri stöðu og því formlega séð á aðgerðabili ef svo má að orði komast. Með markvissum aðgerðum getur það svæði náð sambærilegum árangri og önnur svæði og má þar helst líta til uppbyggingar á ráðgjöf og stuðningi menningarfulltrúa við grasrótastarf á svæðinu.“ Þá segir: „Nálægð svæðisins við höfuðborgarsvæðið er einnig sterkur áhrifabáttur á starfsemi Menningarráðs Suðurnesja. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er hins vegar ekki bara ógnun við menningarstarfsemi á svæðinu heldur liggja tækifæri í menningu ekki síst í nálægðinni við höfuðborgina en þau tækifæri þarf að nýta betur.“

³⁹ http://menning.sss.is/skjalasafn/pdf/stefna_menningarmal_sudurnes.pdf

⁴⁰ <http://menning.sss.is/Default.asp?page=271>

⁴¹ <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=DCF68D4F9DD7086300257C0D0056678B&action=openDocument>

11 Fjölbjóðlegt samstarf

Fjölbjóðlegt samstarf stofnana og fyrirtækja á Suðurnesjum er víðtækt þó ekki sé nefnt annað en starfsemi tengd Keflavíkurflugvelli.

Á heimasíðu samstarfshóps styrkjaáætlana sem fá framlög frá ESB má sjá kort með landshlutagreindum upplýsingum um verkefni og verkefnastyrki.⁴²

Verkefnapátttaka er á Suðurnesjum í einni af þeim þrem verkefnaáætlunum sem Byggðastofnun hefur umsjón með, NORA, NPP og ESPON.

11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið

NORA (Norræna Atlantssamstarfið) eru samtök fjögurra landa og falla undir samstarf Norrænu Ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Eftirtalið verkefni með þátttöku á Suðurnesjum var samþykkt á árinu 2012:

Cod-Atlantic, verkefni um þorskeldi, bætt seiðaeldi. Íslenskir þátttakendur, Matís og Hafró. Unnið af Matís í Reykjavík og á Akureyri. Hafró, Grindavík. Samstarfslönd: Noregur.

⁴² <http://evropusamvinna.is/kort/>

Viðaukar

Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2011-2013

Skrá yfir styrkt verkefni 2011⁴³

1. *MYR design* Fyrirtækið framleiðir eigin vörulínu í fatnaði og fylgihlutum. Verkefnið lýtur að því að styrkja markaðssetningu fyrirtækisins í Austurríki.
2. *Framleiðsla á omega 3 fitusýrum á Reykjanesi*. Verkefnið snýr að þróun og síðar uppsetningu á framleiðslueiningu á Reykjanesi í samstarfi við erlenda samstarfsaðila Matorku.
3. *Keflavík Music Festival*. Hugmyndin með verkefninu er að setja á laggirnar tónlistarhátíð á Ásbrú. Hátíðin verður markaðssett erlendis jafnt og á Íslandi.
4. *Endurnýting fisksalts í hálkvarnarsalt*. Verkefnið lýtur að rannsóknum og tilraunum á að hreinsa og endurnýta fisksalt með það að markmiði að nýta það sem hálkvarnarsalt
5. *Reykjanes Culture & Design Tours*. Verkefnið lýtur að því að bjóða erlendum ferðamönnum upp á menningar- og hönnunartengdar verslunarferðir fyrir einstaklinga og hópa og kynna fyrir þeim íslenska menningu, hönnun, handverk og listir.
6. *Aircraft Asset Management*. Verkefnið lýtur að sérhæfingu á heildarlausn í eigna- og verðmæstastýringu fyrir flugvélaeigendur með flugvélar sem lokið hafa líftíma sínum.
7. *Hagræn förgun á sorpbrennsluösku*. Verkefninu er ætlað að skoða og greina nýja valkosti við förgunarlausnir óbrennanlegra afurða sorpbrennslustöðvar. Verkefnið fékk styrk úr Vaxtarsamningi á sl. ári og er hér um framhald að ræða.
8. *Research on a variety of seaweed species and their extracts obtained from Suðurnes, for use in certified organic health and skin care products*. Verkefnið lýtur að nýtingu og vinnslu á lífrænt vottuðum þörungum til notkunar í heilsu- og húsvörum.
9. *Sjóstangaveiði á Suðurnesjum*. Verkefni þetta lýtur að vetrarferðamennsku. Í byrjun er ætlunin að gera út einn bát á Suðurnesjum, frá Sandgerði, Grindavík eða Reykjanesbæ eftir því hvaða höfn hentar best hverju sinni.
10. *Umsókn um styrk til uppbyggingar á Auðlindagarði sem vinnur úr afurðum sem tengjast jarðvarma*. Verkefnið lýtur að styrkumsókn til sjöundu rammaáætlunar Evrópusambandsins. Þar verður sótt um styrk til þess að koma á fót skilgreindum Auðlindagarði, sem yrði öndvegissetur í fjölnýtingu afurða úr jarðvarma.
11. *Hagræn nýting fiskislógs á Suðurnesjum*. Víða er förgun á fiskslógi orðið umhverfislegt vandamál, fyrirtæki standa frammi fyrir umtalsverðum flutnings- og förgunarkostnaði. Því er þörf á hentugri lausn á nýtingu slógs til mjöls og lýsisgerðar.
12. *Kynningarátak á vörum í Whole Foods Marked*. Verkefnið lýtur að markaðsátaki í Bandaríkjunum þar sem fyrirtækið Hafnot ehf hefur komið vörum sínum Söl og Hrossapara í verslanir Whole Foods Marked verslunarkeðjunnar í Bandaríkjunum.
13. *Flugvirkjabúðir*. Verkefnið lýtur að því að byggja upp alþjóðlegt nám í flugvirkjun við flugakademíu Keilis. Verkefnið hefur verið styrkt af Vaxtarsamningi og er hér sótt um öðru sinni til áframhaldandi þróunar starfseminnar og markaðsvinnu.
14. *Flugvélamálun*. Verkefnið lýtur að málun flugvéla stórra sem smárra. Sambærileg þjónusta er ekki til staðar á Íslandi og hafa því íslensk flugfélög sótt þjónustuna til annarra landa.
15. *Grjótkrabbi – rannsóknir og vinnsla á Suðurnesjum*. Verkefnið gengur út á veiðar, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba sem er ný tegund hér við land en er þekkt nytjategund við NA strönd Ameríku. Um framhaldsumsókn er að ræða.
16. *Eldfjallagarður á Reykjanesi*. Verkefnið lýtur að því að koma jarðminjum á framfæri, vernda þær og stuðla að sjálfbærri efnahagslegri þróun með því meðal annars að þróa jarðferðamennsku og eldfjallagarð.

⁴³ <http://vaxtarsamningur.sss.is/Upplýsingar/Uthlutunarlisti-2011/>

Skrá yfir styrkt verkefni 2012⁴⁴

1. *Tónlistarhátíð á Ásbrú* - Tómas Young, verkefnastjóri. Fyrirtækið Ómstríð ehf. er í samstarfi við erlenda aðila um að halda tónlistarhátíð á Ásbrú. Markmiðið með verkefninu er m.a. að vekja athygli á Ásbrú sem ákjósanlegan kost fyrir tónleikahald af hvaða stærðgráðu sem er. Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir um nokkurt skeið og hefur m.a. verið unnið í þróun klasasamstarfsins um verkefnið.
2. *Markaðssetning Þekkingarseturs Suðurnesja* – Hanna María Kristjánsdóttir, verkefnastjóri. Verkefnið snýst um markaðssetningu á nýstofnuðu Þekkingarsetri Suðurnesja. Stofnunni er ætlað að verða miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum. Þetta samstarfsverkefni lýtur að því að efla tengsl við erlenda háskóla.
3. *Ásdís Ragna grasalæknir – viðskipta og markaðsáætlun* – Þórunna K. Jónsdóttir verkefnastjóri. Verkefnið er að útvíkka starfsemina í kringum Ásdísi Rögnu grasalækni. Eitt megin viðfangsefnið er að setja fram viðskiptalíkan fyrir starfsemina sem leiðir til aukinnar veltu og sköpunar starfa.
4. *Hönnunarklasi á Suðurnesjum* – Heklan atvinnuþróunarfélag, Dagný Gísladóttir, verkefnastjóri. Sú þróun hefur orðið í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú að þangað hafa leitað í ríkum mæli hönnuðir. Mikilvægt er að efla þetta samstarf með formlegri hætti og víkka það út til allra hönnuða á Suðurnesjum með stofnun hönnunarklasa og styrkja með því samstarf hönnuða á Suðurnesjum.
5. *Grjótkrabbi – rannsóknir, markaðssetning og vinnsla á Suðurnesjum* – Rannsóknarsetur HÍ á Suðurnesjum – Halldór Pálmar Halldórsson, verkefnastjóri. Verkefnið gengur út á veiðar, vinnslu og markaðssetningu á Grjótkrabba sem er ný tegund hér við land. Niðurstöður rannsókna benda til þess að grjótkrabbastofninn sé lífvænlegur og í veiðanlegu magni hér við land. Í ljósi verðmætrar reynslu sl. tveggja ára má segja að áherslur í vinnslu, vöruþróun og markaðssetningu verði hnitmiðaðri, enda margt búið að gera og reyna í þessu þróunarstarfi.
6. *Ferðapjónustuklasi á Suðurnesjum* – Bergþóra Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri. Verkefninu er ætlað að tengja saman ferðapjónustuaðila á Suðurnesjum í klasasamstarfi. Með samstilltu átaki og samvinnu ferðapjónustuaðila má bæta fagmennsku í greininni sem leiðir til betri afkomu ferðapjónustufyrirtækja og fjölgar störfum í þessari vaxandi atvinnugrein á Suðurnesjum.
7. *Markaðskönnun og markaðssetning á hvalaskoðun frá Keflavík* – Helga Ingimundardóttir, verkefnastjóri. Verkefnið lýtur að nýjum leiðum í markaðssókn varðandi hvalaskoðunarferðir. Með auknu flugi erlendra flugfélaga til landsins aukast möguleikar á þessu sviði og er ætlunin að kynna hvalaskoðunarferðir fyrir farþegum sem koma snemma til landsins og/eða fara seint af landi brott.
8. *KEFLANDING ehf.* – Guðmundur Pétursson, verkefnastjóri. Verkefnið lýtur að samstarfi við bandarísku stofnunina military.com. Stofnunin gegnir því hlutverki að bjóða félögum sínum ýmsa þjónustu, einkum á sviði ferðamennsku og námskeiðahaldi. Vinsælt er meðal félagsmanna að dvelja á og við núverandi og eða fyrrverandi herstöðvar og sækja ferðalög þaðan. Military.com hefur fallist á að auglýsa og kynna Ásbrú og nágrenni sem fýsilegan kost.
9. *Fatahönnunarskóli Íslands* - Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs – Berglind Sigurðardóttir, verkefnastjóri. Skólinn byggir á danskri fyrirmynd. Ætlunin er að taka inn ár hvert 25 nemendur í skólann þannig að 50 nemendur verða að staðaldri í skólanum. Nemendur læra hönnun, verkþjálfun, markaðsmál, stofnun fyrirtækja, setja upp sýningar og fleira. Ætlunin er að vera miðstöð fatahönnunar á svæðinu.
10. *Izzy Tours á Íslandi* – Edda Hrund Halldórsdóttir, verkefnastjóri. Verkefnið gengur út á að auka heimsóknir ferðamanna á Suðurnesin og auka vöruframboð og aðgreiningu Izzy Tours á markaði í Bretlandi. Fyrst og fremst er horft til þriggja hópa ferðamanna þ.e. námsferðir fyrir skólahópa, nemendur, kennara og foreldra, fuglaskoðun og strandstangaveiði.
11. *Efnaferlar og gæðaeftirlit fyrir framleiðslu á lífdísel* – Bio Diesel ehf., Gunnar H. Hasler, verkefnastjóri. Megin markmið verkefnisins er framleiðsla lífdíselis úr notaðri jurtaolíu sem til fellur hjá veitingastöðum og matvælaframleiðendum. Eigendur fyrirtækisins hafa þegar keypt mest allan tækjabúnað sem til þarf fyrir framleiðsluna og komið upp verksmiðju sem staðsett er á Ásbrú.

⁴⁴ <http://vaxtarsamningur.sss.is/Upplýsingar/Uthlutunarlisti-2012/>

12. *GrasPro* - Lauftækni ehf – Einar Friðrik Brynjarsson, verkefnastjóri. Verkefnið lýtur að hönnun og forritun á tölvukerfi sem nýtist rekstraraðilum grasvalla/knattspyrnuvelli, varðandi viðhald slíkra valla. Verkefnið snýr að hönnun og markaðssetningu bæði hér heima og erlendis.
13. *Reykjanes Geopark Project* – Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri. Í mörg ár hefur verið unni að stofnun einhverskonar auðlindagarðs á Suðurnesjum. Þetta verkefni lýtur að stofnun Jarðvangs. Markmið Jarðvanga er að bæta viðhorf og þekkingu á jarðminjum og sögu svæðisins. Að ferðamaðurinn upplifi söguna, samtímann og hefðbundna menningu, landslag, jarðfræði, matarmenningu, listir og handverk sem og staðbundið gróðurfar og dýralíf.
14. *Prótein framleiðsla* – Halldór Pétursson, verkefnastjóri. Verkefnið lýtur að próteinvinnslu úr sjávarfangi. Áherslan verður lögð á að nýta slög og aðrar aukaafurðir sem ekki eru nýttar í dag. Ný verksmiðja er staðsett í sveitarfélaginu Garði.

Skrá yfir styrkt verkefni 2013⁴⁵

1. *Markaðssetning Orkurannsóknna ehf.* - Sverrir Guðmundsson, verkefnastjóri. Orkurannsóknir ehf. er sjálfstætt starfandi eining innan Keilis. Stefnt er að markaðssetningu þjónustu á sviði efnagreininga, rannsókna á endurnýjanlegri orku og sjálfstýringartækni (mekatronic). Þjónustan sem boðið verður upp á er sérhæfð en jafnframt mjög brýn og gagnast mörgum fyrirtækjum í nærumhverfinu ásamt því að skapa fjölbreytt tækifæri til nýsköpunar á Reykjanesi.
2. *Markaðs- og kynningarstarf á nýrri námsbraut í ævintýraleiðsögn* – Arnar Hafsteinnsson, verkefnastjóri. Markmiðið með verkefninu er að byggja upp námsbraut Keilis í ævintýraleiðsögn á alþjóðalegum grunni, m.a. með inntöku erlendra nemenda og útvíkkun námskeiða fyrir erlenda nemendur. Mikill áhugi er á Íslandi bæði sem áfangastaður í ævintýraferðamennsku, en ekki síður fyrir þá aðila sem vilja mennta sig í leiðsögn í ævintýraferðamennsku við krefjandi aðstæður.
3. *Menntatengd ferðamennska á Suðurnesjum* – Arnbjörn Ólafsson verkefnastjóri. Verkefnið miðar að því að nýta einstaka náttúru á Reykjanesinu og nágrenni til að byggja upp og efla menntatengda ferðamennsku á Íslandi með áherslu að erlenda námsmannahópa. Mikill vöxtur er í menntatengdri ferðaþjónustu og sýna rannsóknir að þessir ferðamenn eyða meira en hefðbundnir ferðamenn og eru líklegir til að koma aftur síðar, þá oft með fjölskyldum sínum. Þetta er hópur sem ekki hefur verið sinnt að neinu ráði utan háskólastigsins á Íslandi.
4. *Seafoodkitchen, Travel, Try and Taste in Sandgerði* – Hansína B. Einarsdóttir, verkefnastjóri. Verkefnið snýst um að búa til tekjur af ferðamönnum með því að bjóða þeim í ferðalag og heimsókn í áhugavert sjávarréttiaeldhús þar sem þeim býðst að elda sjálfir gæðamat úr sjávarfangi. Ferðalaginu lýkur með því að borða heimatilbúna hollusturétti undir leiðsögn matreiðslumeistara í náttúrulegu sjávarumhverfi þar sem lífið er fiskur.
5. *Samstarfsverkefni um erlent markaðsstarf* – Rúnar Árnason, verkefnastjóri. Verkefnið snýr að nýrri nálgun í markaðsvinnu Flugakademíu Keilis í samvinnu við AST í Skotlandi. Flugakademían hefur stofnað til samstarfsbandalags um markaðssetningu erlendis á vörum og þjónustu sinni. Að auki hefur AST og KAA gert með sér gagnvirka samstarfssamninga þar sem unnið verður að því að markaðssetja og fjölga erlendum nemendum í flugvirkjun hingað til lands.
6. *Reiðhjólaferð um orkustíg* (Bláa Lónið-Grindavík) – Jakob Sigurðsson, verkefnastjóri. Verkefninu er ætlað að auka afþreyingu fyrir ferðamenn og lengja viðveru þeirra á Suðurnesjum. Reiðhjólaferðir frá Bláa Lóninu og um Reykjanesið er nýjung og í þróun. Farnar voru nokkrar ferðir sl. sumar með erlenda ferðamenn. Stefnt er að enn frekari markaðssetningu á þessari vöru.
7. *Íslandshús, ArcCelseiningar og Dvergarnir* – Óskar Húnfjörð, verkefnastjóri. Verkefnið lýtur að erlendu markaðsstarfi um samstarf og útflutning á ArcCels einingum fyrirtækisins. Um verulegan ávinning gæti verið að ræða varðandi tæknisamstarf og áframhaldandi vöruþróun, en ekki síst sköpun fjölda nýrra starfa við framleiðslu á vörum fyrirtækisins.

⁴⁵ <http://vaxtarsamningur.sss.is/Upplýsingar/Uthlutunarlisti-2013/>

8. *Keilir heilsukoddi* – Hulda Sveinsdóttir, verkefnastjóri. Verkefnið er nýsköpunarverkefni á alþjóðavísu og byggir á persónulegri reynslu frumkvöðulsins sem leitaði að kotta sem veitti meiri stuðning undir höfuð/hálssvæði, sem reyndist ófáanlegur. Búið er að ganga frá hönnunarvernd á koddann í nokkrum löndum. Heilsukoddinn hefur unnið til fjölmargra verðlauna erlendis m.a. í Bandaríkjunum og í kjölfarið er nú markaðssetning hafin þar í landi.
9. *„Heilsa og trú“* – Ragnar Sær Ragnarsson, verkefnastjóri. Verkefnið er útvíkkun á núverandi verkefnum Heilsuhótelsins og á sér fáar hliðstæður á Íslandi eða Norðurlöndunum og þó víða væri leitað. Heilsuhótel Íslands hefur náð góðum árangri í heilsutengdri ferðaþjónustu og hlotið hvatningarverðlaun iðnaðarráðherra. Nýjungin er fólgin í að tengja saman heildræna heilsuuppbyggingu einstaklingsins við íslenska menningu og náttúru samhliða því að tekið er á innri og ytri þáttum manneskjunnar. Um er að ræða heilsuferðir fyrir erlenda aðila.
10. *All Tomorrow's Parties á Ásbrú* – Tómas Viktor Young, verkefnastjóri. Hér er um framhald á verkefni að ræða sem lýtur að alþjóðlegri tónlistarhátíð á Ásbrú. Hugmyndin að verkefninu fæddist árið 2011 og hefur þróast töluvert síðan. Samstarf um verkefnið er við stjórnendur ATP hátíðarinnar í Bretlandi. Með öflugri markaðssetningu gæti hátíðin orðið hornsteinn ferðaþjónustu þá viku sem hún fer fram þegar fram í sækir
11. *Pitch ehf.* – Einar Friðrik Brynjarsson, verkefnastjóri. Verkefnið GrasPro lýtur að þróun hugbúnaðar sem heldur utan um skráningar á gildum sem tengjast tæknilegum og faglegum rekstri grasvalla. Hér er um framhaldsstyrk að ræða sem lýtur að enn frekari markaðssetningu erlendis.
12. *Þróun fellingarbúnaðs fyrir kísil úr jarðsjó til framleiðslu á vinnanlegum efnum* – Ingimar Helgason, verkefnastjóri. Megin markmið verkefnisins er að afla þekkingar og undirbúa framleiðslu á verðmætum efnum úr jarðsjó og hafsjó á Reykjanesi. Í framhaldinu verður þróuð aðferð til fullvinnslu á vinnanlegum efnum ásamt því að þróaðir verða framleiðsluferlar fyrir heilsusalt úr jarðsjó og hafsjó sem dælt er úr hraunlögum á Reykjanesi.
13. *Reykjanes Geopark Project* – Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri. Jarðvangur er gæðastimpill á svæði sem inniheldur merkilegar eða einstakar jarðminjar og kemur þeim á framfæri. Lögð er áhersla á að koma sérstöðunni á framfæri með það að markmiði að upplýsa gesti um jarðfræðiarfleiðina ásamt sögu og menningu svæðisins. Um leið er reynt að vekja samfélagið til umhugsunar um þau tækifæri sem felast í nærumhverfinu til að styrkja stoðir fjölbreyttrar atvinnustarfsemi, s.s. ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og fleira. Verkefnið hlýtur framhaldsstyrk til enn frekari þróunar verkefnisins.
14. *Próteinverksmiðja í Garði* – Gunnar Pálsson, verkefnastjóri. Prótein ehf. hefur þróað litla vélasamstæðu sem er til þess bær að framleiða mjöl og fiskolíu úr slóg og öðrum aukaafurðum sem ekki eru nýttar í dag. Hér er um framhaldsstyrk að ræða sem lýtur að lokaþróun verksmiðjunnar og markaðssetningu afurða.
15. *Kísilfæðubótarefni unnið úr affallsvatni hellisheiðarvirkjunar* – Fida Abu Libdeh, verkefnastjóri. Markmið verkefnisins er vöruþróun, framleiðsla og markaðssetning á hágæða kísilfæðubótarefni unnið úr kísilríku affallsvatni Hellisheiðarvirkjunar. Markaðurinn fyrir kísilfæðubótarefni er nýr og ört vaxandi þar sem vitund almennings um nauðsyn kísils fyrir mannlíkamann fer vaxandi eftir því sem læknisfræðilegum rannsóknum sem staðfesta það fer fjölgandi.

Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2011-2013

Eftirtalin verkefni voru styrkt 2011⁴⁶

1. *Bryn Ballett Akadémían*. Þróun og efling menningar á Suðurnesjum með kynning og kennsla á listdansi fyrir stúlkur og drengi í leik- grunn- og framhaldsskólum.
2. *Óperuhátíð í Reykjanesbæ*. Árleg sumaróperuhátíð í Reykjanesbæ. Stefnt er á enn frekara samstarf fjölmargra aðila og öflugra og fjölbreytta markaðssókn á verkefninu.
3. *List án landamæra á Suðurnesjum*. Listahátíð sem haldin er einu sinni á ári með þátttöku fatlaðra og ófatlaðra listamanna, einstaklinga og hópa. Fimm sveitarfélög á Suðurnesjum.
4. *Safnahelgi á Suðurnesjum*. Sameiginleg kynning á söfnum, setrum og sýningum sem eru í boði á Suðurnesjum. Verkefnið á sér stað utan hefðbundins ferðamannatíma. Fimm sveitarfélög á Suðurnesjum.

⁴⁶ <http://menning.sss.is/skjalasafn/%C3%BAthlutunarlisti%20okt%202011.pdf>

5. *Halarass – fjölskyldu og barnaleikrit.* Leikritið er um vinina Björn og Jórinni. Verkið er sjálfstætt framhald af fyrra verki GRAL hópsins, Horn á Höfði. Frumsýnt í nóvember 2012.
6. *Merkingar sögufrægra staða á Rosmhvalanesi.* Söguskilti - Merkingar á völdum stöðum til kynningar fyrir ferðamenn í tengslum við undirbúning og gerð Ferðamannavegar með strandlengjunni frá Hafnavegi að Garði.
7. *Jólaórátt.* Verk fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit byggt á jólaguðspjallinu. Kynning á verkinu hér heima og erlendis. Frumflutt á árinu 2012.
8. *Vetrarvertíðin á Suðurnesjum.* Safnsýning Byggðasafnsins í Reykjanesbæ í Duushúsum opnuð á sjómennadaginn 2012. 2.
9. *Menningardagskrá Hlöðunnar.* Íslenskir og erlendir listamenn mun halda sýningar í Hlöðunni. Námskeið í skapandi skrifum í tengslum við sýningarhald. Samstarf við grunn- og leikskóla.
10. *Uppsetning nýrrar sýningar í Víkingaheimum.* Gera á norrænni goðafræði betri skil í Víkingaheimum. Sýningin verður opnuð í mars.
11. *Jólasöngleikur.* Leikfélag Keflavíkur setur á svið jólasöngleik í fullri lengd þar sem þátttakendur eru börn og unglingar á Suðurnesjum.
12. *Lærum og leikum með hljóðin.* Verkefnið stuðlar að nýsköpun og fjölbreytni á sviði barnamenningar og áratuga þróunarvinnu á sérhæfðu framburðarefni fyrir börn.
13. *Þrjár listsýningar ársins 2012.* Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og hefur sem slíkt ákveðnum skyldum að gegna. Verkefnastyrkur vegna leiðsagnar listamanna og starfsfólks, safnakennara vegna skólaheimsóknna og útgáfu veglegra bæklinga á íslensku og ensku vegna listamanna og verka þeirra.
14. *Listahátíð barna.* Barnamenningarhátíð í Reykjanesbæ. Samstarf Listasafnsins, leikskóla og grunnskóla í Reykjanesbæ.
15. *Menntun og menning.* Barnamenningarverkefni fyrir íslenska og erlenda nemendur til að leysa eftir heimsókn á sýningar í Kvíkunni auðlinda- og menningarhúsi Grindavíkur.
16. *Þorbjörn gönguleiðir.* Upphafskort við Þorbjörn. Áhugaverðar sögur, gönguleiðir, vegalengd og erfiðleikastig kynnt.
17. *Kynning á bókmenntaarfinum.* Almenningsbókasöfn á Suðurnesjum. Sex bókmenntakvöld á árinu. Kynntir verða rithöfundar og skáld fyrri tíma.
18. *Rúnar Júlíusson í mynd.* Söfnun á einn stað - myndbönd, sjónvarpsefni, tónleikar og viðtöl við Rúnar Júlíusson. Gert aðgengilegt á rafrænu formi. Til kynningar í Rokkheimum Rúnars Júlíussonar.
19. *Skönnun á ljósmyndum úr safni Víkurfrétta.* Á árunum 1983 til ársins 2000 voru allar ljósmyndir Víkurfrétta teknar á filmu. Mikið sögulegt myndasafn sem ætlunin er að veita aðgang að á vef Víkurfrétta.
20. *Menningar- og sögutengd gönguhátíð.* Fjórar gönguferðir um verslunarmannahelgina þar sem markmiðið er að sameina útivist, holla og góða hreyfingu við fræðslu á menningu svæðisins.
21. *Skólasafnið í Norðurkoti.* Í Norðurkoti verður sett upp sýning á munum og rituðum heimildum sem segja frá skólagöngu barna í Vatnsleysustrandarhreppi um 1900 – 1920.
22. *Vísna og vitakvöld.* Tónlistarveisla á sviði vísna- og þjóðlagatónlistar. Ásamt annarri fjölbreyttri menningardagskrá þessu tengt.
23. *Lifandi gallerý Tobbu.* Sýningasalur og opin vinnustofa til námskeiðahalds. Lifandi gallerýi er ætlað að virkja fólk af svæðinu til listsköpunar, bæði íslensku og erlendu áhugafólki.
24. *Saga slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli.* Saga slökkviliðsins er saga Suðurnesja meðan á dvöl Varnarliðsins stóð.
25. *Saga bæjarins í myndum á vefnum.* Valdar myndir sem þykja lýsa vel þróun bæjarins frá elstu myndrænu heimildum um bæinn til síðustu aldamóta. Byggðasafn Reykjanesbæjar gerir verkefnið aðgengilegt almenningi.
26. *Mannskaðar á Miðnesheiði.* Miðnesheiðin er ein af mannskæðustu heiðum landsins. Verkefnastyrkur vegna uppsetningu minnisvarða um þá sem látið hafa lífið á Miðnesheiði í aldanna rás.
27. *Gospelkór í Fjölbrotarskóla Suðurnesja.* Samstarf kirkna á Suðurnesjum. Verkefnið hefur forvarnargildi og er hugsað til að virkja ungt fólk til þátttöku í heilbrigðu og mannbætandi menningarstarfi.
28. *Jólabærinn Grindavík.* Samstarf aðila í verslun, þjónustu og menningu í Grindavík á aðventu, menningardagskrá og viðburðir.
29. *Margs er að minnast frá Suðurnesjum.* Ljósmyndaskönnun og ljósmyndasýning á myndum af Suðurnesjum á árunum 1982-1990.
30. *Sungið um æskuna.* Tónleikar þar sem fjallað er um æskuna frá ýmsum sjónarhornum ásamt fræðslu um lag og ljóð. Sungið verður um leiki, leikföng, gæludýr, óþekkt, prakkarastrik, vöggu- og bullljóð.

31. *Menningartengt efni fyrir grunnskólabörn*. Barnamenningarverkefnið Grallarasögur. Hver bók er tileinkuð ákveðnum stað eða efni þar sem ferðamannastaðir eru vel kynntir.
32. *Hagyrðingakvöld*. Kvikan Auðlinda- og menningarhús stendur fyrir hagyrðingakvöld í október.

Eftirtalin verkefni voru styrkt 2012⁴⁷

1. *Sýningin Gætur, glimmer og gaddavír*. Guðbrandur Einarsson. Verkefnið lýtur að hátíðartónleikum á Ljósanótt. Að þessu sinni verður riðið á vaðið í upphafi Ljósanætur og verður frumsýnt fyrir hátíðina. Gert er ráð fyrir fernum tónleikum.
2. *Tónlistarhátíð á Ásbrú*. Tómas Viktor Young. Hugmyndin er sótt í breska tónlistarhátíð. Hátíðin er markaðssett jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga og fer fram að vetrarlagi. Hátíðin er styrkur fyrir menningartengda ferðaþjónustu utan háannatíma í ferðaþjónustu á Suðurnesjum.
3. *Leitin að Grindavík*. Kvikmyndasýning í tveimur hlutum. Artpro ehf. Hér er leitast við að nálgast Grindavík á óvenjulegan hátt, meðal annars með tókum úr lofti. Einnig er fjallað um hvernig Grindavík samtímans fæddist og varð til. Fjallað er um einstaklinga og fyrirtæki sem hafa farið óhefðbundnar leiðir varðandi menningu og ferðaþjónustu.
4. *3. Áfangi fornleifarannsóknna í Vogu í Höfum*. Byggðasafn Reykjanesbæjar. Verkefni þetta er mikilvægt fyrir Suðurnesin en afar lítið er í raun vitað um elstu sögu þessa svæðis. Sú áhersla sem lögð hefur verið á að taka á móti grunnskólanemendum hefur mælst mjög vel fyrir og einnig að rannsóknin er mjög sýnileg í Víkingaheimum.
5. *Ferskir Vindar í Garði 2012*. Sveitarfélagið Garður. Verkefnið er samfélagslegt menningarverkefni sem vekur athygli á Suðurnesjum og laðar að fjölda fólks. Hátíðin hefur hlotið verðskuldaða athygli, þótt ung sé, innanlands sem utan og má þar nefna að færri listamenn komast að verkefninu að þessu sinni en vilja.
6. *Galatónleikar*, Norðuróp. Jóhann Smári Sævarsson 20 ára starfsafmæli. Í þessu tilefni stendur söngvarinn fyrir stórtónleikum í Reykjanesbæ, þar sem hann sjálfur kemur fram ásamt gestasöngvurum. Söngvarinn hefur starfað við 20 óperuhús og sungið í 62 óperuuppfærslum í 56 hlutverkum.
7. *Heimildarmyndin #7*. Ogfilms ehf. Garðar Örn Arnarsson. Hér er verkefnið heimildarmynd um ævi Örlygs Arons Sturlusonar sem lést af slysförum langt um aldur fram. Saga þessi segir okkur frá einstökum íþróttamanni sem átti framtíðina fyrir sér og var auk þess drengur góður með hjarta úr gulli.
8. *Falskur Fugl*. Indíaninn Falskur Fugl ehf. / Davíð Guðbrandsson. Myndin er byggð á fyrstu skáldsögu Mikaela Torfasonar. Fjöld Suðurnesjamanna eiga aðkomu að kvikmyndagerðinni auk þess sem hún verður frumsýnd í Reykjanesbæ.
9. *List án landamæra á Suðurnesjum*. Sameiginlegt verkefni sveitarfélaga á Suðurnesjum. List án landamæra er hátíð fjölbreytileikans þar sem horft er á tækifæri en ekki takmarkanir. List án landamæra vill koma list fólks með fötlun á framfæri og koma á samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks.
10. *Safnahelgi á Suðurnesjum*. Sameiginlegt verkefni sveitarfélaga á Suðurnesjum. Sameiginleg kynning á söfnum, setrum og sýningum sem eru í boði á Suðurnesjum. Verkefnið á sér stað utan hefðbundins ferðamannatíma.
11. *Greining á mismunandi fuglaskoðunarstöðum* m.t.t. ferðaþjónustu á fjölbreyttasta fuglasvæði Íslands. Náttúrustofa Reykjanes. Fuglaskoðun er einn af vaxtarsprotum í ferðamennsku á Íslandi. Verkefnið snýr að greiningu á helstu fuglaskoðunarstöðum á Reykjaneskaga en svæðið er rómað fyrir mikið fuglalíf.
12. *Þrjár fyrstu sýningar ársins 2013*. Menningarsvið Reykjanesbæjar. Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og hefur sem slíkt ákveðnum skyldum að gegna og starfar eftir safnalögum. Verkefnið lýtur að stuðningi við 3 listsýningar af 6 sem safnið setur upp á ári hverju.
13. *Listahátíð barna vorið 2013*. Menningarsvið Reykjanesbæjar. Samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, 10 leikskóla og 5 gunnskóla í Reykjanesbæ. Á listahátíðinni má sjá afrakstur þess frábæra starfs sem unnið er í skólum bæjarins í skapandi greinum og með samstarfi við Listasafnið er sköpuð fagleg umgjörð sem hæfir slíku starfi.
14. *Dansað við hafið*. Bryn Ballett Akademían ehf. Verkefnið er listræn innsetning og byggist á listdanssýningaratriðum með 20 listdönsurum. Verkefnið fer fram víðs vegar um Suðurnesin.
15. *Rannsókn á kumlum í Garði*. Sveitarfélagið Garður. Fundist hafa þrjár afar áhugaverðir staðir þar sem eru vísbendingar um kuml. Staðirnir eru m.a. meint gróf landnámskonunnar Steinunnar gömlu. Markmiðið er að rannsaka hvort um kuml sé að ræða á þar til greindum stöðum eða annars konar mannvirki og aldur þeirra.

⁴⁷ <http://menning.sss.is/skjalasafn/pdf/%C3%BAthlutunarlisti%20ma%C3%AD%202012.pdf>

16. *Söguslóðakynning – Saga Trails*. Víkingaheimar. Verkefnið lýtur að kynningu á öllum helstu sögustöðum á Íslandi í máli og myndum. Verður ein af aðalsýningum Víkingaheima og gefur erlendum ferðamönnum sérstaka ástæðu til að stoppa í Víkingaheimum áður en lengra er haldið
17. *Tónleikaröð Orfeusar*. Bylgja Dís Gunnarsdóttir. Verkefnið lýtur að tónleikaröð Orfeusar en hópinn skipa menntaðir söngvarar af Suðurnesjum. Hverjir tónleikar hafa sýna yfirskrift og sérstöðu.
18. *ROKKSTOKK 2012*. SAMSUD – Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum. Verkefnið er hljómsveita- og tónlistarkeppni fyrir ungt fólk á Suðurnesjum á aldrinum 13 til 25 ára. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Rás 2 eins og undanfarin ár.
19. *Körfuknattleikur í Grindavík í 50 ár*. Körfuknattleiksdeild Grindavíkur. Ungmennafélag Grindavíkur fagnar því á næsta ári að 50 ár eru liðin frá því að Grindvíkingar hófu að æfa og keppa í körfuknattleik með markvissum hætti. Verkefnið lýtur að gerð heimildarmyndar vegna þessa viðburðar.
20. Hátíðartónleikar Kirkjukórs Keflavíkur í tilefni 70 ára afmælis kórsins. Dagný Gísladóttir. Hátíðartónleikar vera í Stapa haustið 2012 þar sem flutt verður tónlist sem kórinn gefur út á geisladisk í tilefni af tímamótunum. Við sama tækifæri verður saga kórsins kynnt í stuttu máli í texta og myndum.
21. *Eru menningarverðmæti að tapast*. Inga Rut Hlökkversdóttir. Markmiðið með verkefninu er að safna saman upplýsingum og gömlum skissubókum gullsmíða og handverksmanna og rannsaka hvort mynsturgerð í þjóðbúningasilfri hafi verið landshlutaskipt hér á árum áður. Niðurstöður verða kynntar á sérstakri heimasíðu verkefnisins.
22. *Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn*. Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Markmiðið með verkefninu er að skapa jákvæða umræðu meðal íbúa Suðurnesja auka sameiginlega menningarvitund, þekkingu á sögu svæðisins og efla samstöðu íbúa á Suðurnesjum.
23. *Sönglagatónleikar* í tilefni af 70 ára afmæli tónskáldsins. Eiríkur Árni Sigtryggsson. Flutt verða ný einsöngslög eftir tónskáldið í tilefni 70 ára afmælisins. Undirbúningur hefur staðið lengi yfir með listamönnum sem koma að flutningnum. Tónleikarnir verða á árinu 2013.
24. *Stóru-Vogaskóli 140 ára*. Málþing um sögu skólans. Þorvaldur Örn Arnason. Skólinn er einn af elstu skólum landsins. Saga skólans skoðuð og skráð.
25. *Ljósmyndasafn um mannlíf í Sandgerði*. Reynir Sveinsson. Reynir hefur verið stórtækur ljósmyndari í gegnum tíðina. Verkefnið lýtur að því að gera mannlífsmýndir hans aðgengilegar almenningi á netinu og með ljósmyndasýningum.
26. *Upptaka á Jólaoratoríu*. Sigurður Sævarsson. Jólaoratoría, fyrir kór, hljómsveit og einsöngvara eftir Sigurð Sævarsson. Verkið verður frumflutt í byrjun desember 2012. Í framhaldi af flutningnum verður verkið hljóðritað og gefið út, bæði hér heima og erlendis
27. *Sígaunaljóð og negrasálmar*. Bylgja Dís Gunnarsdóttir. Hér er um að ræða tónleika þar sem verða flutt brot af stórkostlegri tónlist sem fellur undir sígaunaljóð og negrasálma. Tónleikar verða fluttir í Grindavík og Reykjanesbæ.
28. *Grindavíkurvegir*. Grindavíkurbær. Verkefnið er saga fjölfarna þjóðleiða til og frá Grindavík frá fyrstu tíð byggðar. Þessar fornu götur sjást enn markaðar í hraunhelluna og enn eru minjar fyrstu vegagerðarinnar á a.m.k. 12 stöðum við gamla veginn. Í ár eru 100 ár frá því að byrjað var á fyrsta akveginum frá Vogastapa til Grindavíkur.
29. *Hagyrðingakvöld og námskeið*. Kvikan Auðlinda- og menningarhús. Hagyrðingakvöld þar sem 4 til 5 bestu hagyrðingar landsins mæta til leiks og í framhaldinu verður haldið námskeið. Tilgangurinn er að vekja athygli á þessum forna sið og gefa Suðurnesjamönnum kost á að læra að setja saman vísur.
30. *Endurgerð Bryggjuhúss*. Reykjanesbær. Unnið hefur verið að endurgerð Duushúsanna síðan árið 2002 og nú er svo komið að aðeins á eftir að ljúka Bryggjuhúsinu að innan. Bryggjuhúsið byggt árið 1877 er eitt stærsta pakkhús sinnar tegundar á Íslandi og því menningarsögulega verðmætt fyrir alla þjóðina.
31. *Undirbúningur að stofnun og uppsetningu á Guðbergsstofu í Grindavík*. Grindavíkurbær. Í Guðbergsstofu er ætlunin að setja upp vandað safn og sýningu til heiðurs Guðbergi Bergssyni einum virtasta rithöfundu íslendinga fyrr og síðar.
32. *Kvikan, Auðlinda- og menningarhús Grindavíkurbæjar*. Saltfisksetur Íslands. Húsið er nýtt þekkingar- og menningarhús sem byggir á Auðlindastefnu Grindavíkurbæjar. Kvikan á að vera ein af miðstöðvum Jarðvangs (GeoPark) á svæðinu og fræða gesti um auðlindir svæðisins. Kvikan byggir á grunni Saltfiskseturs Íslands.
33. *Örlög guðanna*, sýning um norræna goðafræði í Víkingaheimum. Reykjanesbær. Á sýningunni eru raktar ýmsar þekktar sögur af norrænu goðunum með aðstoð einstakra leikmynda eftir listakonuna Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur, tónlist eftir Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoða ásamt hljóðleiðsögn á fjórum tungumálum sem Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur hefur tekið saman.

34. Vefræn útgáfa Myndasafns Reykjanesbæjar. Byggðasafn Reykjanesbæjar. Myndasafn Reykjanesbæjar er deild í Byggðasafni Reykjanesbæjar og er safnkostur þess töluverður að vöxtum. Myndasafnið sjálft er mjög vannýtt en augljóst er að myndir frá gamalli tíð vekja mikinn áhuga og efla staðarvitund almennings.
35. *Rekstur sýninga að Garðvegi 1 í Sandgerði*. Þekkingarsetur Suðurnesja. Í húsnæðinu að Garðvegi 1 er til sýnis mikill fróðleikur um náttúru og dýralíf á Reykjanesskaganum.
36. *Bátasafn Gríms Karlssonar*. Félag áhugamanna um Bátasafn Gríms Karlssonar. Safnið var opnað í Duushúsum á lokadaginn 11. maí árið 2002 og verður því 10 ára í ár. Af því tilefni er ætlunin að gera samning við líkanasmiðinn Grím Karlsson um áframhaldandi líkanakaup.
37. Endurnýjun hluta sýningarmuna. Fræðasetrið í Sandgerði. Fræðasetrið er safn sem tengir saman mann og náttúru í þau 17 ár sem safnið hefur verið starfrækt og hafa ýmsir sýningamunir látið á sjá, enda gestum leyft að snerta muni.

Eftirfarandi verkefni voru styrkt 2013⁴⁸

1. *Klassísk ballettverk fyrir áhorfendur á öllum aldri*. Bryn Ballett Akademían ehf. Valin atriði úr tveimur klassískum ballettverkum við tónlist eftir Tchaikovsky „Svanavatnið“ og „hnotubrjóturinn“. Þrjár sýningar settar upp í apríl 2014 í menningarhúsi Andrews á Ásbrú.
2. *UPPSPRETTA*. Verkefnið er á vegum Toyista (toyism). Stefnt er að því að veita vatnstankinum við Vatnsholt í Reykjanesbæ andlitslyftingu sem mun sóma svæðinu vel. Þemað verður, uppspretta/orkugjafi. Hópurinn hefur skreytt mannvirki með góðum árangri í Hollandi.
3. *Ferskir Vindar í Garði*. Verkefnið er samfélagslegt menningarverkefni sem vekur athygli á Suðurnesjum og laðar að fjölda fólks. Hátíðin hefur hlotið verðskuldaða athygli, innanlands sem utan. Opunarhátíðin verður 18. Janúar 2014.
4. *2 Tótar*. Verkefnið er lítil falleg saga um það hversu sárt það er að missa vin. Frásagnarhátturinn er dálítið táknaþænn því fólk er oft með grímur til að leyna því hvernig því líður. Þá sérstaklega þeir sem eru þunglyndir. Í verkinu eru þeir trúðar og eru því bókstaflega með grímur allan tíman.
5. *Saga slökkviliða á Íslandi*. Áhugasamtök um sögu slökkviliða. Safnið mun segja sögu slökkviliða á Íslandi sem nær yfir 100 ár. Safnið verður staðsett í Rammahúsinu í Reykjanesbæ. Safnið var vígt 13. apríl sl. í tilefni 100 ára afmælis Slökkviliðs Keflavíkur, síðar Brunavarna Suðurnesja.
6. *Keflavík Music Festival* 5. til 9. júní 2013. Verkefnið er árleg tónlistarhátíð í Reykjanesbæ þar sem rjóminn af innlendum og erlendum tónlistarmönnum koma fram.
7. *Með blik í augum III*. Verkefnið er tónlistarverkefni sem flutt verður á fernum tónleikum á Ljósanótt 2013. Gert er ráð fyrir að 30-40 einstaklingar komi að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Þetta verkefni er einn af stærri viðburðum Ljósanætur og veitir listafólki af Suðurnesjum tækifæri til þess að taka átt í metnaðarfullri sýningu þar sem hvergi er slegið af í kröfum.
8. List án landamæra á Suðurnesjum. Verkefnið er hátíð fjölbreytileikans þar sem horft er á tækifæri en ekki takmarkanir. List án landamæra vill koma list fólks með fötlun á framfæri og koma á samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks. Verkefnið er sameiginlegt verkefni sveitarfélaga á Suðurnesjum.
9. *Safnahelgi á Suðurnesjum*. Er sameiginleg kynning sveitarfélaganna á þeim söfnum, setrum og sýningum sem eru í boði á Suðurnesjum utan hefðbundins ferðamannatíma.
10. *Jesus Christ Superstar* í kirkjum á Suðurnesjum. Uppsetning þess á Jesus Christ Superstar byggir á sígildu formi óratoríunnar þar sem Bíblíufrásögn er flutt í söng og lesnu máli. Sjö manna hljómsveit leikur, fimmtíu kórfelegar syngja og valinn hópur einsöngvara flytur hin þekktu verk.
11. *Óperuhátíð í Reykjanesbæ*. Verdi & Wagner 200 ára. Tvö af virtustu óperutónskáldum allra tíma eiga báðir 200 ára afmæli á árinu. Því telur Norðuróp við hæfi að halda glæsilega stórtónleika þeim til heiðurs.
12. *Merkingar áhugaverðra staða innan Reykjanes jarðvangs*. Verkefnið er að hanna og setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti innan Reykjanes jarðvangs. Skiltunum verður komið fyrir í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum.
13. *Bryggjumening í Grindavík 2013*. Bryggjan kaffihús. Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar útgerðar- og sjómannasýning með munum og myndum í kaffihúsinu. Hins vegar lifandi viðburðir á „Bryggjunni“ bæði í töluðu máli og með tónlist.
14. *Nýtt kynningarefni fyrir Víkingaheima* á fjórum tungumálum. Í Víkingaheimum eru fimm sýningar sem þarf að kynna og a.m.k. þrjár þeirra alveg frá grunni. Textar allra sýninganna fimm verða þýddir á fjögur tungumál.

⁴⁸ <http://menning.sss.is/skjalasafn/%C3%BAthlutun%20ma%C3%AD%202013%20x.pdf>

15. *Listahátíð barna vorið 2014*. Listahátíðin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar, allra 10 leikskóla bæjarins og allra 5 grunnskólanna. Á listahátíðinni má sjá afrakstur þess frábæra starfs sem unnið er í skólum Reykjanesbæjar í skapandi greinum og með samstarfi við Listasafnið er sköpuð fagleg umgjörð sem hæfir slíku starfi.
16. *SAMSPIL*– Færeysk og íslensk mynd- og tónlist á Suðurnesjum og Þórshöfn í Færeyjum. Verkefnið lýtur að kynningu á verkum fjögurra listamanna frá Færeyjum og Íslandi, myndlistamanna og tónlistamanna. Samsýning á þremur stöðum, í Þórshöfn, Reykjanesbæ og Grindavík
17. *Upplýsinga- og fræðsluskilti í Vogum*. Hilmar Egill. Verkefnið lýtur að fjórum upplýsingaskiltum tengdum sögu og menningu í sveitarfélaginu Vogum. Skiltin eru ætluð til fræðslu jafnt fyrir heimamenn sem ferðafólk. Skiltin verða á tveimur tungumálum.
18. *Kynningarmyndband fyrir rannsóknir og skoðun náttúrufrýrbæra á Reykjanesi*. Geocamp Iceland. Kynningarmyndband um Reykjanesið þar sem höfðað er til erlendra ferðamanna með sérstakan áhuga á jarð- og náttúruvísindum og þar sem gerð er sérstök grein fyrir áhugaverðum stöðum á Reykjanesi til rannsókna og verkefnavinnu með raunverulegum dæmum og fyrirmyndum.
19. *Söngleikurinn Grease*. Uppsetning á söngleiknum Grease fyrir nemendur á grunnskólaaldri á Suðurnesjum. Söngleikurinn verður settur upp í Frumleikhúsinu í september og gefst nemendum í 8 til 10 bekk kostur á að taka þátt.
20. *Saga Vatnsleysustrandarhrepps og sveitarfélagsins Voga vaknar á vefnum*. Verkefnið lýtur að söfnun efnis um sögu sveitarfélagsins frá landnámi til nútíma í bókum, greinum, skjölum, ljósmyndum og kvikmyndum. Efnið verður sett upp sem aðlaðandi og aðgengilegur vefur.
21. *Leiðsögn um tókustaði íslenskra kvikmynda á Suðurnesjum*. Verkefnið lýtur að því að safna saman og gefa út upplýsingar um kvikmyndatökustaði íslenskra kvikmynda á Suðurnesjum. Upplýsingarnar verða gefnar út á prentuðu korti og sem smáforrit. Leiðsögnin gefur fólki tækifæri að upplifa Suðurnes á annan hátt en áður þekktist, í gegnum heim íslenskra kvikmynda.
22. *Kynning á bókmenntaarfinum*. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum hafa á undanförunum árum haft samstarf um menningarviðburði þar sem bókmenntir, rithöfundar og skáld hafa verið kynnt.
23. *Skúlpúra*. Skúlpúra er samvinnuverkefni leikskólabarna í Heilsuleikskólanum króki og myndhöggvarans Önnu Sigríðar Sigurjónsdóttur í skúlpúrgerð með efnivið úr náttúrunni.
24. *Íbúð kanans*. Sýningin Íbúð kanans er ætlað að gefa innsýn í hversdagslíf bandaríska hermanna á Íslandi og skoða jafnframt hvaða áhrif þeir höfðu á menningu þeirra sem bjuggu hinum megin við hliðið og öfugt.
25. *Ljóðatónleikar í Stapa* í október vegna 70 ára afmælis tónskáldsins, Eiríks Árna Sigtryggssonar. 20 ný sönglög verða frumflutt. Tónleikarnir verða endahnútur á löngu ferli tónsmíða og æfinga.
26. *Heimskautin heilla á ensku*. Hin glæsilega sýning Heimskautin heilla var opnuð árið 2007 í húsnæði Þekkingarseturs Suðurnesja. Sýningin fjallar um líf og störf franska læknisins og heimskautafarans Jean-Baptiste Charcot og vekur sérstaka athygli vegna skemmtilegrar og vandaðrar uppsetningar, en umgjörðin líkist því að ganga um boð í skip.
27. *Hafið bláa hafið*. Stóru-Vogaskóli. Verkefnið er samstarfsverkefni Stóru Vogaskóla, leikskólans Suðurvalla og menningarmiðstöðvarinnar Hlöðunnar. Verkefninu er ætlað að styrkja tengsl grunnskóla og leikskóla og tengsl barnanna við menningarlíf í bæjum sínum.
28. *Fischershús, endurgerð*. Fischershús er eitt af merkustu húsum bæjarins, byggt 1881 og kom tilsniðið frá Danmörku. Þetta þótti á sínum tíma eitt glæsilegasta hús landsins og er merkilegt á landsvísu. Mikil ábyrgð er hjá Suðurnesjamönnum að endurgera það á sem uppraunalegastan hátt.
29. *Endurgerð Bryggjuhúss Duushúsa*. Unnið hefur verið við endurgerð Duushúsanna síðan árið 2002 og nú er svo komið að aðeins á eftir að ljúka fjórða áfanga, Bryggjuhúsinu að innan. Húsið var byggt 1877 og er eitt stærsta pakkhús sinnar tegundar á Íslandi og því menningarsögulega verðmætt fyrir alla þjóðina.
30. *Rekstur sýninga hjá Þekkingarsetri Suðurnesja*. Tvær sýningar eru í húsi Þekkingarsetursins sem setrið rekur en eru í eigu Sandgerðisbæjar. Báðar sýningarnar eru opnar alla virka daga og um helgar yfir sumartímamann.
31. *Listasafn Reykjanesbæjar*. Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og hefur sem slíkt ákveðnum skyldum að gegna og starfar eftir safnalögum. Setta eru upp a.m.k. 6 sýningar á ári.
32. *Bátasafn Gríms Karlssonar*. Bátasafnið átti 10 ára afmæli í fyrra. Af því tilefni voru keypt 20 líkön af Grími sem þarf að koma í sýningarkassa. Fjöldi báta í safninu er nú orðinn 130 talsins.
33. *Sjólust í Gerðum* – Minjasafn og fræðasetur. Í Sjólust bjó hin landsfræga Una Guðmundsdóttir eða Völva Suðurnesja. Hugmyndin er að koma húsinu Sjólust í upprunalegt horf.
34. *Nýsköpun og viðhald á tónlistarlegri menningararfleifð Suðurnesja*. Geimsteinn ehf. Geimsteinn er elsta starfandi hljómplötuútgáfa á Íslandi og hefur haldið merkjum Suðurnesjamanna á lofti frá 1976.

Samhliða hefur verið rekið safn um okkar dádasta tónlistarmann, Rúnar Júlíusson, frá árinu 2009 sem er orðinn ómissandi hlekkur í ferðaþjónustunni á Suðurnesjum.

35. *Rekstur myndasafns*. Byggðasafn Reykjanesbæjar. Vefvæðing myndasafnsins hófst á síðasta ári þá náðist góður árangur, við áramót var búið að skanna inn 8483 myndir og tengja þær við safnskrá.
36. *Efra Sandgerði* – varðveisla og endurbygging á elsta húsi í Sandgerði. Húsið er byggt árið 1883 af Sveinbirni Þórðarsyni útvegsbónda, er húsið því 130 ára gamalt. Lionsklúbburinn í Sandgerði hefur farið fyrir endurbyggingunni.